# FRÉTTABLAÐIÐ

42. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR 2019




Skonnortan Opal siglir inn í Reykjavíkurhöfn með dramatískan og snæviþakinn fjallgarð í bakgrunni. Skonnortan Opal er gerð út af Norðursiglingum en var smíðuð sem togari í skipasmíðastöðinni Bodenwerft í Damgarten, Þýskalandi, árið 1951. Sigling Opal vakti mikla athygli ferðamanna sem mynduðu hana í bak og fyrir líkt og ljósmyndari Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sækja tjón sitt vegna friðunar

**Minjastofnun dró í gær til baka tillögu sína um að stækka friðlýst svæði í Víkurgarði. Framkvæmdaaðili á Landsímareitnum telur sig þó hafa orðið fyrir tjóni og hyggst leita réttar síns. Óvissu létt segir Dagur B.**

**STJÓRNSÝSLA** Minjastofnun féll í gær frá tillögu sinni um að stækka friðlýst svæði í Víkurgarði. Var það gert eftir tillögu framkvæmdaaðila Landsímareitsins, Lindarvatns, um að breyta inngöngum í kringum svæðið. Framkvæmdastjóri Lindarvatns segir að félagið sé með þessu ekki að afsala sér neinum rétti til bóta vegna tjóns af skyndifriðun.

Minjastofnun skyndifriðaði Víkurgarð í byrjun janúar og hafði ráðherra sex vikur til að fallast á eða fella niður friðunina. Í máli stjórnenda Lindarvatns kom fram að þeir teldu skilyrði fyrir friðun óuppfyllt.

Í yfirlýsingu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu segir að Víkurgarður fái þann virðingarsess sem honum ber sem „einn merkasti minjastaður þjóðarinnar". Þar verði opið almenningsrými þar sem saga garðsins fær notið sín. Skilið verði milli garðsins og hótelsins sem er að rísa. Garðurinn sé aldursfriðaður og þar megi engu raska eða breyta nema með samþykki Minjastofnunar.

„Þetta var okkar tillaga og með henni erum við að koma til móts við sjónarmið Minjastofnunar um að vernda Víkurgarð eins og hann birtist á uppdráttum. En þetta er ásættanlegt að byggingaráform halda áfram með þeim breytingum sem við höfum gert á inngöngum," segir Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri Lindarvatns.

„Við erum ekki í þessu til að standa í deilum heldur til að klára uppbyggingu á svæðinu. Þetta er því lausn sem kemur til móts við alla sem eiga hagsmuna að gæta í málinu," segir Jóhannes.

Aðspurður hvort Lindarvatn muni sækja það tjón sem það varð fyrir vegna friðunarinnar segir hann svo vera. „Með þessu samkomulagi er Lindarvatn ekki að afsala sér neinum rétti til bóta. Skyndifriðunin tafði framkvæmdir og það er næsta mál á dagskrá að skoða í hverju tjónið liggur. Það mun verða sótt af fullum þunga," segir Jóhannes.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir jákvætt að óvissunni um mikilvæga andlitslyftingu svæðisins í heild sé eytt.

„Mér finnst jákvætt ef komin er sátt um verkefnið og það að Víkurgarður verði lifandi almenningssvæði þar sem sögunni verður gert hátt undir höfði." **– jóe, smj**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Salvör Nordal skrifar um birtingu dóma. 9

**MENNING** Þóra Hjörleifsdóttir sendir frá sér fyrstu skáldsögu sína. 16

**LÍFIÐ** Pottaplöntuæði runnið á landsmenn. Uppbókað er á hvert pottaplöntunámskeiðið á fætur öðru hjá Blómavali. 20





**LÍFIÐ** María Gomez heldur úti matarblogginu Paz.is og mun gefa lesendum Frettabladid.is girnilegar uppskriftir í hverri viku. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFEYRISSJÓÐIR OG SPARNAÐUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




Íslandsbanki

**Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka**

Fræðslufundir um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

**Skráning og dagskrá næstu funda á islandsbanki.is/fyrirtaekjafraedsla**

## Veður




Fremur hæg austlæg átt á norðanverðu landinu, bjartviðri og frost að 7 stigum. Austan 8-15 sunnan til með stöku skúrum eða éljum, hiti um og yfir frostmarki. Hvessir sunnanlands undir kvöld.
SJÁ SÍÐU 14

# Krefja bankastjóra um launin




**Hópur fólks kom saman fyrir utan Landsbankann í Austurstræti og mótmælti launahækkun Lilju Bjarkar Einarsdóttur bankastjóra. Flestir voru þeir klæddir í neongul vesti og kröfðust þess að bankaráð yrði gert að víkja og laun Lilju lækkuð. Meðal viðstaddra var borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins, Sanna Magdalena Mörtudóttir. Fréttablaðið greindi frá launahækkun bankastjórans í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Neita að hafa beðið um greiðslufrest

**VIÐSKIPTI** Flugfélagið WOW air skuldar engum erlendum flugvöllum sem flugfélagið flýgur til farþega- eða lendingargjöld. Lokauppgjör til flugvalla sem WOW air flýgur ekki lengur til eru í venjulegum uppgjörsfasa sem taki eðlilega tíma. Þetta segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. Vefurinn Túristi.is birti um helgina frétt þess efnis að stjórnendur WOW air hafi beðið um greiðslufrest fram í miðjan mars til að gera upp ógreidd gjöld. Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, sagði í tölvupósti til starfsmanna sinna í gær að ósannur orðrómur væri á kreiki um flugfélagið en hann nefndi ekki sérstaklega frétt Túrista.



**Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW Air.**

Fjárfestingafélagið Indigo Partners er nú í samningaviðræðum við WOW air um kaup á 49% hlut í flugfélaginu fyrir rúmlega 9,3 milljarða króna. Fram kom á vef WOW air í desember síðastliðnum að fjárfestingin sé háð því að jákvæð niðurstaða fáist úr viðræðum við skuldabréfaeigendur WOW, sem keyptu í útboði flugfélagsins í september í fyrra. Eftirgjöf skuldabréfaeigendanna er háð því að kaup Indigo Partners verði frágengin í lok þessa mánaðar.

Skúli segir í bréfi sínu að flóknar viðræður og stórar fjárfestingar taki oft lengri tíma en búist sé við í fyrstu. Svanhvít vildi ekki tjá sig um viðræðurnar við Indigo Partners að öðru leyti en að þær gangi vel. **– ab**

## Legsteinasafn Páls fyrir dóm

**SKIPULAGSMÁL** Borgarbyggð og listamanninum Páli Guðmundssyni, eiganda Húsafells 2, hefur verið stefnt fyrir dóm.

Þess er krafist að felld verði úr gildi ákvörðun Borgarbyggðar frá því í desember síðastliðnum að synja kröfu nágranna Páls um að legsteinasafn sem Páll hefur komið upp verði fjarlægt. Sama gildir um annað hús sem Páll flutti á staðinn og er skilgreint sem menningar- og þjónustuhús.



**Páll á Húsafelli.**

Nágranninn, Sæmundur Ásgeirsson, vill að Borgarbyggð verði með dómi falið að taka málið til meðferðar að nýju. **– gar**




# Heilsugæslan ekki nútímafólki bjóðandi

**Formaður Félags heilsugæslulækna segir heilsugæslu á sumum svæðum úti á landi ekki nútímafólki bjóðandi. Verið sé að stoppa í göt með afleysingum og skortur sé á læknum. Fjölga þarf læknum um 100 prósent á næstu árum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Skortur er á heilsugæslulæknum á stórum svæðum vítt og breitt um landið og segir formaður Félags heilsugæslulækna stöðuna ekki bjóðandi nútímafólki hér á landi. Hún telur að það þurfi að fjölga nemum í heilsugæslulækningum á næstu árum til að anna eftirspurn.

Félag heilsugæslulækna hefur lagt inn umsögn um heilbrigðisáætlun til ársins 2030 sem nú liggur fyrir þinginu. Þar er farið yfir að mönnunarvandi sé nokkuð mikill og úrbóta þörf. „Það er skortur á heilsugæslulæknum á stórum svæðum úti á landi. Hún er brotakennd og það er stóra vandamálið. Það er verið að redda málunum með afleysingum til skamms tíma og er eiginlega ekki nútímafólki bjóðandi,“ segir Salóme Ásta Arnardóttir, formaður Félags heilsugæslulækna.

Salóme Ásta telur að heilsugæsluna þurfi að efla markvisst á næstu árum og fjölga læknum. Hún bendir á að nú séu um 200 heilsugæslulæknar í landinu en þurfi að vera um 400 til að það standist samanburð við Norðurlöndin. „Það er þannig að víðast hvar er miðað við að heimilislæknar séu þriðjungur lækna. Með því yrði heilsugæslan þessi grunnstoð sem allir tala um í hátíðarræðu. Þá er talað um heilsugæsluna sem grunnstoð heilbrigðiskerfisins.“

Hún segir reikningsdæmið ekki vera flókið. „Við erum um 200 núna og á sama tíma erum við að útskrifa um átta á ári og helmingur heilsugæslulækna hættir á næsta áratug vegna aldurs,“ segir Salóme Ásta. „Við getum hæglega fjölgað nemum í heilsugæslulækningum en það vantar fjármagn frá hinu opinbera til að það verði að veruleika. Það eru einstaklingar sem vilja vera heimilislæknar en það er bara ekki pláss fyrir fleiri en 40 nema í einu.“



**Heilsugæslan á landsbyggðinni er í vanda og reddingar of algengar.**

> **Það er verið að redda málunum með afleysingum til skamms tíma og er eiginlega ekki nútímafólki bjóðandi**
>
> Salóme Ásta Arnardóttir, formaður Félags heilsugæslulækna



„Heilsugæslan er orðinn fyrsti viðkomustaður sjúklinga úti á landi. Hins vegar höfum við klárlega ekki náð því hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem kerfið er örlítið flóknara en þó ekki mjög,“ segir Salóme Ásta.

sveinn@frettabladid.is

# SUPER 1

## MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ



REMA 1000 SYKUR
**85 kr.**
VENJULEGT VERÐ 95 KR.
TILBOÐ GILDIR TIL OG MEÐ 24. FEB



REMA 1000 HVEITI
**189 kr.**
2 KG



FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**391 kr.**
FYRIR LIT ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**705 kr.**
FYRIR SVART ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**440 kr.**
FYRIR LIT MEÐ ILMEFNUM

ÞVOTTADUFT
**391 kr.**
FYRIR LIT ÁN ILMEFNA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**439 kr.**
FYRIR ULL OG VIÐKVÆMAN ÞVOTT

REMA 1000 ÞVOTTAEFNI
REMA 1000
SVANSMERKT OG ÁN OFNÆMISVALDA

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**570 kr.**
FYRIR HVÍTT MEÐ ILMEFNUM

FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
**440 kr.**
FYRIR HVÍTT MEÐ ILMEFNUM

ÞVOTTADUFT
**391 kr.**
FYRIR HVÍTT ÁN ILMEFNA

SUPER 1 - HALLVEIGASTÍG 1 - 101 REYKJAVIK

# Warner og Universal hafna fullyrðingum Jóhanns Helgasonar í LA

**DÓMSMÁL** Lögmenn lögmannsstofunnar Loeb & Loeb í Bandaríkjunum, sem gætir hagsmuna fjögurra fyrirtækja sem stefnt er í höfundarréttarmáli Jóhanns Helgasonar, hafa skilað sinni fyrstu greinargerð í málinu til alríkisdómstólsins í Los Angeles. Öllum kröfum Jóhanns er hafnað en ekki er gerð athugasemd við að málið verið rekið í Los Angeles.


Jóhann Helgason.

Um er að ræða fyrirtækin Warner Bros. Records, Universal-Polygram International Publishing, UMG Recordings og Peermusic.

Eins og fram hefur komið telur Jóhann Helgason að lagið You Raise Me Up sé í raun stuldur á lagi hans Söknuði sem kom út á plötu Vilhjálms Vilhjálmssonar árið 1977.

Fyrirtækjunum Spotify og Apple – vegna iTunes – sem upphaflega var einnig stefnt í málinu hefur af hálfu Michaels Machat, lögmanns Jóhanns, verið sleppt úr stefnunni í bili til að einfalda málareksturinn. Þau og fleiri aðilar sem Jóhann telur hafa hagnast af hugverki hans í gegn um You raise me up gætu bæst við stefnuna á síðari stigum.

> Jóhann Helgason lætur reyna á að lagið You raise me up sé stuldur á lagi hans Söknuði frá árinu 1977.

Höfundar lags og texta You raise me up, hinn norski Rolf Løvland og Írinn Brendan Graham, hafa enn ekki tilnefnt lögmenn til þess að verjast stefnu Jóhanns fyrir sitt leyti.

Dómarinn Andre Birotte Jr. ákvað 8. febrúar síðastliðinn að lögmenn aðila mæti í fyrsta sinn í dóminn 10. maí næstkomandi til að ákveða dagskrá málsins í framhaldinu. **– gar**

## Geta lítið gert í hótunum VR

**VIÐSKIPTI** Forstjóri Kviku banka segir að bankinn brjóti samkeppnislög ef hann reynir að reyna að hafa áhrif á rekstur og sjóðastýringu GAMMA.

VR hefur hótað að taka allt sitt fé úr eignastýringu hjá Kviku, 4,2 milljarða króna, ef ekki verður innan fjögurra daga brugðist við meintum hótunum Almenna leigufélagsins, sem er í eigu sjóða í stýringu GAMMA, gagnvart leigjendum.


Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka.

VR sagði varla hægt að lýsa framferði Almenna leigufélagsins með öðrum orðum en grimmd, taumlausri græðgi og mannvonsku.

Í samtali við Fréttablaðið minnir Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka, á það að Samkeppniseftirlitið hafi enn ekki heimilað kaup Kviku á GAMMA.

„Við vonumst auðvitað eftir því að kaupin gangi í gegn en þangað til höfum við ekkert með stjórn GAMMA að gera og okkur óheimilt að hafa áhrif á rekstur og sjóðastýringu félagsins,“ segir Ármann. „Það væri brot á samkeppnislögum.“ **– þfh**

## Enn ekkert spurst til Jóns

**LÖGREGLUMÁL** Jón Þröstur Jónsson, sem hvarf í Dublin 9. febrúar síðastliðinn, hefur enn ekki fundist. Fjölskylda Jóns Þrastar hefur biðlað til þeirra landsmanna, sem eiga vini og kunningja í Dublin, að koma áleiðis veggspjaldi með upplýsingum um Jón Þröst, í þeirri von að einhverjir upplýsingar berist um ferðir hans. **– bsp**

# Segir að ekki þurfi að velja milli hagsmuna ólíkra félaga

**Formaður VR segir samstöðu stéttarfélaganna fjögurra sem eru í samfloti í viðræðum við Samtök atvinnulífsins góða. Ekki muni koma til þess að velja þurfi milli leiða sem henti ólíkum hópum misvel. Framhald kjaraviðræðna gæti skýrst á fundi stjórnvalda með forsetum ASÍ í dag.**


Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, ræða málin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KJARAMÁL** „Það hefur ekkert fallið skuggi á okkar samstarf og það hefur bara styrkst ef eitthvað er. Ef við færum í sundur þá myndi það veikja gríðarlega stöðu þessara félaga. Ég á frekar von á því að fleiri félög bætist við heldur en að þessi samstaða fari eitthvað að sundrast,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um stöðuna hjá stéttarfélögunum fjórum sem eiga í viðræðum við Samtök atvinnulífsins á vettvangi ríkissáttasemjara.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir heimildarmönnum blaðsins að hagsmunir félaganna væru það ólíkir að erfitt gæti reynst að klára kjarasamninga í samfloti. Ragnar Þór segir að vissulega geti kröfur félagsmanna í þessum félögum verið jafn mismunandi og þær eru margar.

„En við gerum okkur líka grein fyrir því að við þurfum að hjálpast að við að ná fram kröfum hvers annars. Það eru margir sameiginlegir fletir í kröfugerðunum og mörg sameiginleg hagsmunamál. Þar er drepið niður á mörg brýnustu hagsmunamál allra þessara hópa, bæði hinna tekjuhærri og þeirra tekjulægri.“

> Það er allavega ljóst að það mun draga til einhverra tíðinda fyrir vikulok.
>
> Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR

Aðspurður segist hann ekki hafa áhyggjur af því að upp komi sú staða að velja þurfi milli leiða eða aðgerða sem gagnist ólíkum hópum misvel. „Það er alveg á kristaltæru að við munum aldrei koma þannig stöðu upp á milli okkar að þurfa að taka afstöðu til þess að sópa eitthvað meira að einum hópi eða einu félagi frekar en öðru. Sú sviðsmynd mun einfaldlega ekki koma upp.“

Forsetateymi ASÍ mun funda með stjórnvöldum í dag og vonast leiðtogar verkalýðshreyfingarinnar að þar fáist skýr svör varðandi aðkomu stjórnvalda að lausn kjarasamninga.

„Það liggur fyrir að ef aðkoma stjórnvalda verður ekki með þeim hætti sem við teljum að geti leyst málin þá munum við slíta viðræðum á fimmtudaginn. Það er allavega ljóst að það mun draga til einhverra tíðinda fyrir vikulok. Vonandi náum við að púsla þessu saman með þeim hætti að við getum farið að loka þessu,“ segir Ragnar Þór.

Ragnar Þór telur að félagsmenn sínir sætti sig ekki við tilboð SA um 2,5 prósenta launahækkun á sama tíma og efsta lag samfélagsins skammti sér 45 til 80 prósenta afturvirka hækkun. „Það væri algjör óþarfi að leggja það í dóm félagsmanna. Niðurstaðan yrði augljós.“

Starfsgreinasambandið (SGS) bíður einnig niðurstöðu um aðkomu stjórnvalda og hefur væntingar til þess að þar komi fram hugmyndir eða tillögur sem stuðlað geti að samningum. Viðræðunefnd SGS mun funda síðar í dag en hún hefur umboð til að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara á næstu dögum sé ástæða til þess.

sighvatur@frettabladid.is




RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í RANGE ROVER

**Range Rover Sport HSE PHEV**
**Verð frá: 13.690.000 kr.**

Range Rover Sport HSE P400e tengitvinnbíll setur ný viðmið. Einstök hönnun, framúrskarandi akstursheiginleikar og 404 hestöfl gera þennan sportlega lúxusjeppa að hagkvæmum og umhverfisvænum kosti.
Verið velkomin í reynsluakstur!

www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

**LAND ROVER** HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK, SÍMI: 525 6500




ENNEMM / SÍA / NM92497

## Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Klofningur Verkamannaflokksins hryggir Corbyn

**BRETLAND** Sjö breskir þingmenn tilkynntu í gær að þeir hefðu sagt sig úr Verkamannaflokknum og myndu í staðinn sitja á þingi sem bandalag óháðra þingmanna. Í hópnum eru til að mynda fjórir skuggaráðherrar.

Þingmennirnir lýstu yfir megnri óánægju með flokkinn á blaðamannafundi og í yfirlýsingu á nýrri vefsíðu hópsins. „Verkamannaflokkurinn reynir nú að framfylgja stefnumálum sem veikja varnir okkar, samþykkir frásögn ríkja sem eru okkur fjandsamleg, honum hefur mistekist að leiða Brexit-umræðuna og setja fram annan valkost,“ sagði til að mynda í yfirlýsingu.

Óánægja þingmannanna sjö virðist tvíþætt. Annars vegar eru þau óánægð með forystu Jeremys Corbyn og hins vegar með það sem þau lýsa sem rótgróinni gyðingaandúð innan flokksins.

Luciana Berger, einn þingmannanna og jafnframt gyðingur, sagðist hafa skammast sín fyrir flokkinn. Á blaðamannafundi vísaði hún í mótmæli gyðinga gegn flokknum og talaði um baráttuna fyrir því að fá Verkamannaflokkinn til að viðurkenna skilgreiningu Alþjóðlega minningarbandalagsins um helförina (IHRA) á gyðingahatri.



**Þingmennirnir sjö á fundi í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

BBC telur líklegt að fleiri fylgi í fótspor sjömenninganna verði ekki gerð bragarbót á þessu.

Corbyn sjálfur hefur brugðist við úrsögnunum með yfirlýsingu.

Þar segir hann að ákvörðunin ylli honum vonbrigðum. Sérstaklega þar sem hann teldi Verkamannaflokkinn á góðri leið og þörf væri á stefnu hans. **– þea**

## Dalakaffi víkur

**ÞJÓNUSTA** Kaffihúsið Dalakaffi við upphaf gönguleiðar í Reykjadal inn af Hveragerði verður að víkja af staðnum. Bæjarstjórn synjaði Magneu Jónasdóttur um áframhaldandi leyfi til þess að vera með rekstur á staðnum.

Bæjarstjórnin bendir á að nú sé búið að úthluta lóðum á svæðinu. „Framkvæmdir við þjónustuhús á svæðinu og bílastæði munu hefjast á vormánuðum og starfsemi stuttu síðar. Í ljósi þessa þarf að fjarlægja húsið og aðra lausamuni í samræmi við ákvæði stöðuleyfis,“ segir í bókuninni. Magnea, sem býr þar í nágrenninu, hefur rekið Dalakaffi frá árinu 2012. **– gar**



**Magnea Jónasdóttir.**

## Forskoða ferðamenn

**UTANRÍKISMÁL** Ferðamenn á leið til Íslands utan Schengen-svæðisins munu þurfa að fylla út sérstakt eyðublað áður en þeir koma til landsins, svokallaða ETIAS-forskráningu.

Fram kemur í skýrslu dómsmálaráðherra um Schengen-samstarfið að fyrirhugað sé að gangsetja ETIAS árið 2022. **– ab**

# Hafna uppbyggingu á Granda

**Skipulagsfulltrúi hafnar breytingum á deiliskipulagi sem gera myndu kleift að byggja yfir 40 þúsund fermetra atvinnuhúsnæði aftan við gömlu verbúðirnar á Grandagarði. Finnur fyrir þrýstingi á breytingar.**

**SKIPULAGSMÁL** Ósk Faxaflóahafna um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar í Örfirisey vegna lóðanna númer 16-32 við Fiskislóð og númer 39-93 við Grandagarð hefur verið hafnað hjá embætti skipulagsfulltrúa borgarinnar.

Samkvæmt tillögu sem Ask arkitektar unnu fólst í deiliskipulagsbreytingunni að rífa ætti núverandi húsnæði á lóðunum, á svokölluðum Línbergsreit sem er aftan við verbúðirnar á Granda. Er þar um að ræða átta byggingar; iðnaðarhúsnæði frá á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Í staðinn átti að reisa tveggja til fimm hæða byggingar fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem mest væri skrifstofuhúsnæði. Fiskislóð 16-32 er í eigu Línbergs ehf., sem aftur er í eigu Landbergs ehf., félags hjónanna Hjörleifs Þór Jakobssonar og Hjördísar Ásberg.

„Breytingartillagan nær einnig til verbúða á Grandagarði 39-93 sem eru friðaðar byggingar í eigu Faxaflóahafna. Lagt er til að opna á aðgengi frá Grandagarði með því að fjarlægja eina verbúð og að heimild verði gefin til að opna verbúðir á norðurhlið til þess að skapa betri tengingu til lóða Línbergs frá Grandagarði,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa.



**Áform á Línbergsreitnum gera ráð fyrir yfir 40 þúsund fermetra húsnæði á Fiskislóð, aftan við gömlu verbúðirnar við Grandagarð.** MYND/ASK ARKITEKTAR

Þá kemur fram að húsnæðið sem ætlunin var að rífa sé 5.744 fermetra og að flatarmál nýrra bygginga yrði allt að 38.841 fermetri ofanjarðar auk 6.516 fermetra í bílastæðahúsi.

> **Mikill þrýstingur er þó á breytingar á deiliskipulagið frá ýmsum áttum.**
>
> Úr umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar

„Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að koma til móts við aukna eftirspurn eftir húsnæði til ýmissa nota á svæðinu ásamt því að skapa opin svæði fyrir viðburði, en ferðamennska og menningarstarfsemi auk hafnsækinnar starfsemi hefur aukist á hafnarsvæðum sambærilegra borga,“ segir í umsögninni.

Fram kemur að Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn geri ekki athugasemdir við að opnað verði á tengingu frá Grandagarði í gegnum eina verbúð, ef steypt þak verbúðarinnar fái að halda sér og að breytingarnar verði afturkræfar. „Bæði Minjastofnun og Borgarsögusafn gera hins vegar athugasemd við opnun verbúðanna baka til.“

Þá rekur skipulagsfulltrúi að núgildandi deiliskipulag Vesturhafnar hafi að markmiði að sameina margar deiliskipulagsáætlanir í eina, ásamt því að vera áfram hafnarsvæði og svæði fyrir hafnsækna starfsemi.

„Ekki voru neinar nýjar byggingarheimildir skilgreindar á umræddum lóðum við vinnslu deiliskipulagsins. Mikill þrýstingur er þó á breytingar á deiliskipulagið frá ýmsum áttum.“

Umferðarmál setja áformunum á Línbergsreitnum miklar skorður.

„Nýting lóða bara á reit Línbergs mun klára þann kvóta umferðarsköpunar sem eftir er án þess að til komi veruleg umferðarvandamál,“ vitnar skipulagsfulltrúi til umsagnar samgöngustjóra borgarinnar. Fyrirspurnir vegna sömu lóða verið afgreiddar með þeirri umsögn skipulagsfulltrúa að ekki sé hægt að taka afstöðu til einnar lóðar eða brot af svæði án þess að skoða alla Vesturhöfnina heildstætt. **gar@frettabladid.is**



# SAMSUNG

# Gott úrval af gæðavörum



**KÆLISKÁPUR 185CM**
SARB31FERNCSS/EF
Stál. Heildarrými: 304 lítrar. Kælirými: 206 lítrar. Frystirými: 98 lítrar. 4. stjörnu. Mál B-H-D í mm: 595 x 1850 x 668
**Verð: 109.900,-**



**Kæliskápur 202cm**
RB36J8035SR
Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597
**Verð: 159.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RFG23RESL1
Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar. Frystirými: 124 lítrar.Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 908 x 1774 x 774.
**Verð: 299.900,-**



**Kæliskápur USA svartur**
SARS68N8231B1/EF
Svartur. Heildarrými: 617 lítrar. Kælirými: 407 lítrar. Frystirými: 210 lítrar. 4. Stjörnu. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 917 x 1780 x 716.
**Verð: 249.900,-**




**WW70 Þvottavél**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 69.900,-**



**DV70 Þurrkari**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 99.900,-**

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

ecobubble TECHNOLOGY

**HVAÐ ER ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.




**WW80 Þvottavél**
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 79.900,-**



**DV80 Þurrkari**
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 109.900,-**




**UPPÞVOTTAVÉL 7 KERFA**
SADW60M6051US/EE
Stál. 7 þvottakerfi þar af 1 hraðkerfi 60 mín. Tekur 14 manna stell. Hljóðlát aðeins 44db. Aqua stop vatnsöryggi
**Verð: 89.900,-**



**VEGGOFN CLASSIC**
SANV70K1340BS/EE
Stál. Tvöfaldur blástursofn. 70 lítrar. 25w ljós í ofni. Hitavalrofi 50-250°. Fylgihlutir: 2 bökunarplötur og rist
**Verð: 69.900,-**

## Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG




SAME71M/XEE

**Örbylgjuofn**
Stál. Keramik-emeleraður að innan
Snúningsdiskur 25,5 cm. Þyngd 11,5 kg.
20 lítra. 800W.
**Verð kr. 16.900,-**

SAMSUNG




MS23K3523AK

**Örbylgjuofn**
Svartur. Keramik-emeleraður að innan.
Snúningsdiskur 28,8 cm. Diskahitun.
Þyngd 12 kg. 23 lítra. 800W.
**Verð kr. 19.900,-**

ORMSSON

Fæst í netverslun
ORMSSON.IS

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# Tækifæri



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fimmtán ára löngum leiðangri könnunarfarsins Opportunity á rauðu plánetunni Mars lauk með formlegum hætti á þriðjudaginn í síðustu viku. Vísindamenn á Jörðu niðri höfðu reynt mánuðum saman að vekja geimfarið litla úr dvala sínum, en án árangurs. Og nú, þegar harðneskjulegir vetrarmánuðir Mars eru á næsta leiti, er ljóst að Opportunity hefur valið sér sinn hinsta dvalarstað.

Afrek Opportunity-verkefnisins eru slík að ómögulegt er að tíunda þau í stuttum pistli sem þessum. En, í stuttu máli má segja að þetta litla geimfar hefur á undanförnum árum bylt hugmyndum okkar um Mars og varpað nýju ljósi á aðstæður þar í dag og einnig hvernig þær voru eitt sinn. Þökk sé Opportunity vitum við til að mynda að vatn í vökvaformi var eitt sinn á Mars og að aðstæður voru lífvænlegar fyrir örverur.

Opportunity og aðrir sambærilegir leiðangrar sem mannkyn hefur annað hvort farið sjálft eða útvistað til vélrænna framlenginga á sér eru án undantekninga vitnisburður um stórkostlega tæknilega getu tegundarinnar okkar. En um leið vekja þessi verkefni aðrar hugmyndir og tilfinningar sem eru okkur „nútímafólkinu“ að mörgu leyti framandi, enda aðeins rúm 50 ár síðan geimkönnun hófst í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag.

Þó svo að Íslendingar hafi sannarlega átt sína fulltrúa í geimkönnun síðustu áratuga, þá er staðreyndin sú að Ísland hefur staðið á hliðarlínunni á meðan aðrar þjóðir hafa tekið höndum saman um könnun alheimsins. Þetta er synd og skömm, enda hafa íslenskir vísindamenn margsannað það að þeir eiga erindi í þá fylkingu er skipar framvarðarsveit vísindalegrar þekkingar.

Auðvelt er að kveða niður raddir efasemdarmanna sem sjá lítinn tilgang í vísindavinnu sem þessari. Nægir að vísa í þann óumdeilda ávinning sem felst í geimkönnun og þeirri nýsköpun sem hún krefst. Annar ávinningur af geimkönnun og -vísindum snertir menningu okkar og það hvernig djörf vísindi eiga það til að blása okkur eldmóð í brjóst. Nægir að nefna Opportunity og aðra sambærilegra leiðangra. Þetta eru verkefni sem hjálpa okkur að fræðast um stað okkar í alheiminum og svara grundvallarspurningum um tilvist okkar, tilurð og framtíð. Verðmætin sem fólgin eru í slíkri þekkingu verða ekki metin til fjár.

Auðvelt skref til að hjálpa íslenskum vísindamönnum að gera sig enn frekar gildandi í þessum fræðum er aðild að Geimferðastofnun Evrópu (ESA). Eftir skjóta afgreiðslu á Alþingi árið 2016 var þingsályktunartillaga þess efnis að sú aðild yrði könnuð samþykkt nær einróma. Lítið hefur heyrst af málinu síðan þá.

Markviss skref í átt að frekari þátttöku Íslands í geimvísindum eru nauðsynleg. Geimkönnun er ekki sú draumahöll sem hún eitt sinn var, heldur málefni sem snerta með beinum hætti komandi kynslóðir og hagsmuni þeirra. Það væru mikil mistök að leggjast ekki á eitt með nágrönnum okkar um að virkja tækifærin sem leynast milli stjarnanna.

**Auðvelt skref til að hjálpa íslenskum vísindamönnum að gera sig enn frekar gildandi í þessum fræðum er aðild að Geimferðastofnun Evrópu.**

MARKAÐURINN
Vettvangur viðskiptafrétta
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

## Halldór




## Frá degi til dags

**Frankenstein Smári**
**Victor Frankenstein er með harmrænustu skáldsagnapersónum síðari tíma. Í tilraunum til þess að sigrast á dauðanum bútasaumaði hann óskapnað sem hefur síðan ýmist verið ruglað saman eða kennt við hann. Uppvakningurinn snerist því miður gegn skapara sínum og kallaði yfir hann takmarkalitla ógæfu. Sjálfur kom Gunnar Smári að sköpun Fréttablaðsins á sínum tíma en síðar skildu leiðir og nú þegar hann er orðinn blóðrauður sósíalisti eftir stórkapítalísk útrásarævintýri fer fátt jafn mikið í hans stéttvísu taugar en langlífasti pappírspésinn hans.**

**Nietzsche fyrir byrjendur**
**Á meðan Gunnar Smári stjórnaði Fréttablaðinu gerði hann Davíð Oddssyni lífið svo leitt að sá amast enn við því að Fréttablaðinu sé troðið óumbeðnu inn á fólk. Og fyrir gráglettni örlaganna er Frankenstein íslenskra fjölmiðla nú orðinn bakraddasöngvari í Hádegismóakórnum sem kann ekki Internasjónalinn: „Ég hvet fólk til að afþakka Fréttablaðið, til hvers ætti fólk að opna heimili sitt fyrir svívirðilegum áróðri gegn lífsbaráttu sinni?“ hrópaði Frankenstein á Facebook í gær, glaðvakandi í Nietzscheískri martröð: „Gættu þess þegar þú telur þig vera að berjast við skrímsl að breytast ekki í eitt slíkt sjálfur.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Samtal um snjallsíma



Valgerður Sigurðardóttir,
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Það er mikilvægt að við hefjum af alvöru samtalið um góða og slæma notkun snjallsíma á skólatíma í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Hvað vilja nemendur, kennarar og foreldrar?

Á borgarstjórnarfundi í dag verður flutt tillaga Sjálfstæðisflokksins um stýringu á notkun snjallsíma í skólum. Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að útfærslu á því hvernig hægt er að stýra notkun snjallsíma á skólatíma. Markmiðið væri að ýta undir betri notkun og koma í veg fyrir truflandi áhrif þegar á kennslu stendur. Reykjavíkurborg væri með því að taka ábyrga afstöðu um notkun snjallsíma barna og ungmenna.

Skólastarf verður alltaf undir áhrifum tækniþróunar, sem er gott mál, enda mikilvægt að nýta tækni við kennslu. Það þarf hins vegar að finna hið gullna jafnvægi milli gagnlegrar og truflandi notkunar. Verkefni skólanna er m.a. að auka félagsfærni, námsgetu og þátttöku barna í skólastarfinu, tæknin getur bæði stutt við það en líka dregið úr.

Við berum okkur gjarnan saman við önnur lönd og lítum þá oft til Norðurlanda. Þar eru mun strangari reglur varðandi notkun síma á skólatíma en við þekkjum. Símar eru almennt ekki leyfðir í kennslustundum. Flestir skólar nota „símahótel“, þ.e. kassa með hólfum og þangað fara allir símar og kassinn læstur þar til skóladegi lýkur. Það eru um 7 ár síðan byrjað var að nota „hótelin“ og eru áhrifin almennt talin mjög jákvæð á nemendur og kennslu. Við þurfum þó ekki að leita út fyrir landsteinana til þess að sjá góðan árangur af því að takmarka snjallsíma á skólatíma. Varmárskóli hefur t.a.m. ekki leyft snjallsíma og hefur skólabragurinn tekið breytingum til hins betra. Kennarar hafa svigrúm til að tengja notkun snjallsíma við námsefnið og það hefur gefið góða raun. Fleiri skólar og sveitarfélög hér á landi hafa verið að vinna að sambærilegum verkefnum.

Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fái frjálsar hendur til að útfæra reglur varðandi notkun snjallsíma á skólatíma. Útfærslan verður að vera unnin í fullu samráði við skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra. Því er brýnt að hefja samtal á milli allra aðila skólastarfinu öllum til heilla.

**Við þurfum þó ekki að leita út fyrir landsteinana til þess að sjá góðan árangur af því að takmarka snjallsíma á skólatíma.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Birting dóma þegar þolendur eru börn



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Umboðsmaður barna hefur á síðustu árum ítrekað vakið máls á því hvernig birtingu dóma sem varða börn er háttað. Sérstaklega hefur verið bent á að dómar þar sem börn eru þolendur t.d. í kynferðisafbrotamálum gangi oft nærri friðhelgi barna og persónuvernd með nákvæmum atvikalýsingum, ítarlegum lýsingum á líðan barna eða að vitnað sé beint í viðkvæmar upplýsingar sem fram hafa komið í viðtölum sálfræðinga eða sérfræðinga Barnahúss við börn. Þrátt fyrir að nafnleyndar eigi að gæta hefur nafnhreinsun ekki alltaf verið sem skyldi og einnig vandkvæðum bundið að tryggja brotaþolum persónuvernd og friðhelgi einkalífs, þrátt fyrir nafnleynd, t.d. í málum sem tengjast fámennum sveitarfélögum.

Þann 30. maí á síðasta ári héldu umboðsmaður barna og dómstólasýslan fund með fulltrúum réttarvörslukerfisins og helstu stofnunum og félagasamtökum sem gæta hagsmuna barna. Á fundinum var farið yfir reglur um birtingu dóma og framkvæmdina hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum en ljóst er að mun lengra er gengið hér á landi þegar dómar eru birtir en í nágrannalöndunum. Einnig voru rædd raunveruleg dæmi og upplýsingar úr dómum sem varða börn og greindi meðal annars ungur þolandi kynferðisafbrots frá reynslu sinni í þessum efnum. Ljóst er af þessum dæmum að birting nákvæmra atvikalýsinga í dómum



geta valdið börnum miklum sársauka og endurteknum áföllum.

Umræðunni á fundinum var ætlað að vera mikilvægt innlegg í þá vinnu sem dómstólasýslan hefur haft með höndum um að samræma reglur við birtingu dóma og gæta hagsmuna barna. Liður í þessari vinnu var að treysta lagagrunn slíkra reglna og kynnti dómsmálaráðherra í því skyni í haust frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómhúsum) sem meðal annars sneri að því að tryggja friðhelgi barna og persónuvernd við birtingu dóma. Nú hefur verið ákveðið að taka málið af málaskrá Alþingis í ár og mun því enn frekar dragast að mikilvæg vernd barna verði tryggð.

Umrætt frumvarp varðaði fleiri þætti en vernd barna og vöktu þeir þættir talsverða umræðu sem umboðsmaður barna tekur ekki afstöðu til. Aftur á móti áréttar embættið mikilvægi þess að dómstólar breyti því verklagi sem hér hefur tíðkast um árabil og hefur valdið börnum miklum sársauka enda kveður Barnasáttmálinn á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stofnanir, dómstólar, stjórnvöld og löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Embættið skorar því á dómsmálaráðherra að endurskoða umrædda ákvörðun og leggja fram frumvarp á Alþingi sem hefur þann megintilgang að tryggja hagsmuni barna og vernd þeirra gegn birtingu viðkvæmra og persónugreinanlegra upplýsinga úr dómsmálum.


## Aðalfundur Reita fasteignafélags hf.

Aðalfundur Reita fasteignafélags hf. verður haldinn kl. 15.00, þriðjudaginn 12. mars 2019 í Þingsal 2 á Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

### Dagskrá fundar

1. Stjórn skýrir frá rekstri félagsins og hag þess á liðnu ári.
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu starfsári.
4. Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund:
   a. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
   b. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum.
   c. Tillaga um breytingu á starfskjarastefnu félagsins.
   d. Tillaga um breytingu á 7. tl. 15. gr. samþykkta félagsins vegna ákvörðunar um laun tilnefningarnefndar.
   e. Tillaga um skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
   f. Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
5. Kosning stjórnarmanna félagsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir komandi starfsár.
8. Önnur mál, löglega upp borin

**Upplýsingar**
Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboðsform er að finna á aðalfundarvef félagsins, **www.reitir.is/adalfundir**. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið **adalfundur@reitir.is** eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15.00 fimmtudaginn 7. mars 2019.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, laugardaginn 2. mars 2019. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið **adalfundur @reitir.is** og munu þær verða birtar samdægurs á aðalfundarvef félagsins.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Hluthafar geta gert kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins. Slík krafa þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund.

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. fyrir kl. 15:00 að íslenskum tíma, þriðjudaginn 5. mars 2019, á skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík eða á netfangið adalfundur@reitir.is. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Framboðseyðublað er að finna á aðalfundarvef félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar eigi síðar en sex sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn, sbr. 13. gr. samþykkta félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða aðgengileg á aðalfundarvef félagsins. Einnig verða gögnin til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kringlunni 4-12 í Reykjavík. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar á aðalfundarvef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá **kl. 14:30 á aðalfundardag**.

Reykjavík, 18. febrúar 2019
Stjórn Reita fasteignafélags hf.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR
Velkomin til starfa

# Viðurkenning á góðu starfi

**Helgin var gjöful fyrir Stjörnuna en fjórir flokkar félagsins urðu þá bikarmeistarar í körfubolta. Uppgangur körfuknattleiksdeildarinnar hefur verið hraður en ekki er langt síðan hún lagðist næstum því af.**

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan úr Garðabæ var aðsópsmest í Geysisbikarvikunni í körfubolta. Félagið átti fimm lið í úrslitum og fjögur þeirra urðu bikarmeistarar.

Tíundi flokkur Stjörnunnar reið á vaðið þegar þeir urðu bikarmeistarar á föstudaginn eftir sigur á Fjölni, 63-52, í úrslitaleik. Á laugardaginn varð meistaraflokkur karla bikarmeistari í fjórða sinn eftir sigur á Njarðvík, 84-68. Stjarnan tapaði hins vegar fyrir Val, 74-90, í sínum fyrsta úrslitaleik í meistaraflokki kvenna.

Á sunnudaginn urðu svo 9. flokkur drengja og drengjaflokkur Stjörnunnar bikarmeistarar. Stjarnan bar sigurorð af Haukum, 72-54, í úrslitaleik 9. flokks og í úrslitaleiknum í drengjaflokki hafði Stjarnan betur gegn Fjölni, 77-87.

„Ég get alveg tekið undir að þetta sé viðurkenning á því starfi sem hefur verið unnið hjá Stjörnunni síðustu ár," sagði Snorri Örn Arnaldsson, þjálfari 9. flokks drengja hjá Stjörnunni, í samtali við Fréttablaðið um bikarhelgina.

Þótt yngri flokka starfið hjá Stjörnunni sé í blóma núna hefur sú ekki alltaf verið raunin. Ekki er langt síðan körfuknattleiksdeildin lagði nánast upp laupana.

„Deildin var formlega stofnuð 1993. Meistaraflokkur karla komst upp í efstu deild tímabilið 2001-02 en tapaði þá öllum leikjunum sínum. Þá var ekki mikið yngri flokka starf í gangi og deildin lagðist næstum því af. En nokkrir eldhugar héldu þessu gangandi. Það þurfti mikið átak til að halda úti meistaraflokki og þeim fáu yngri flokkum sem voru þá," sagði Snorri sem var ráðinn yfirþjálfari hjá Stjörnunni 2009. Þá voru iðkendur í körfuknattleiksdeildinni fáir en þeim hefur fjölgað hratt á síðustu árum.

### Fjölgað um 300

„Á þeim tíma voru að mig minnir 80 iðkendur í körfuknattleiksdeildinni, að meistaraflokkunum meðtöldum. Mitt hlutverk var að stýra uppganginum og það má segja að ég hafi komið inn á réttum tíma því þá var búið að leggja grunninn. Fimleikahúsið í Ásgarði var tekið í notkun 2010 og þá fékk körfuknattleiksdeildin salinn í Ásgarði fyrir sig. Við lögðum mikla áherslu á að fá áhugasama og góða þjálfara og að það yrði góður fjöldi iðkenda í yngstu flokkunum," sagði Snorri.

Á þessum tíma var meistaraflokkur karla farinn að gera sig gildandi og varð bikarmeistari í fyrsta sinn 2009 og endurtók leikinn 2013. Stjarnan fór einnig í úrslit um Íslandsmeistaratitilinn 2011 og 2013.

„Það var ekki fyrr en um 2012-13 sem við þurftum ekki að leggja elstu flokkana af vegna of fárra iðkenda. Það krafðist mikillar vinnu," sagði Snorri sem var yfirþjálfari Stjörnunnar 2009-12 og svo aftur 2013-15. Að hans sögn fór iðkendafjöldinn í yngri flokkum Stjörnunnar síðasta vetur upp í 350 og um 380 að meistaraflokkunum meðtöldum.

„Strákamegin er starfið hjá Stjörnunni það fjölmennasta en við erum enn að berjast við að ná inn nógu mörgum stelpum. Sagan er ekki með okkur kvennamegin en það að hafa átt lið í bikarúrslitum vekur vonandi aukinn áhuga."



**Meistaraflokkur karla.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Drengjaflokkur.** MYND/KKÍ




**9. flokkur drengja.** MYND/KKÍ




**10. flokkur drengja.** MYND/KKÍ

> **Það var ekki fyrr en um 2012-13 sem við þurftum ekki að leggja elstu flokkana af vegna of fárra iðkenda.**
>
> Snorri Örn Arnaldsson



Snorri segir að hæfir þjálfarar hafi skipt miklu fyrir uppganginn í yngri flokka starfi Stjörnunnar.

„Þjálfararnir hafa verið mjög duglegir að vekja áhuga. Í því samhengi má nefna Kjartan Atla Kjartansson sem var lengi með yngstu flokkana. Árni Ragnarsson hefur þjálfað þarna. Síðasta vetur var hann með 63 stráka í 2009-árganginum og þar var kominn biðlisti. Elías Orri Gíslason, Óskar Þór Þorsteinsson og Ragnar Björgvin Tómasson hafa einnig unnið gott starf en þeir eru allir uppaldir hjá félaginu. Þá ber að nefna þátt Barry Timmermanns sem tók við starfi yfirþjálfara 2015," sagði Snorri. Hann bindur vonir við að kvennastarfið hjá Stjörnunni muni stækka á næstu árum.

„Meistaraflokkur kvenna var settur á laggirnar 2009 og sama ár var byrjað að byggja starfið í yngri flokkum kvenna. Það hafði ekki verið neitt slíkt og það tók langan tíma að byggja það upp. Fyrsta mánuðinn var ein stelpa að æfa en í lok vetrar voru 30 stelpur farnar að æfa," sagði Snorri sem telur að um 80 stelpur séu í yngri flokkum Stjörnunnar.

### Áhrif Jóns Kr. og Teits

Snorri segir að ekki megi vanmeta þátt Jóns Kr. Gíslasonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara, sem átti stóran þátt í því að ýta körfuboltaskipinu í Garðabæ úr vör. Yngsti sonur hans, Dúi Þór, varð bikarmeistari með meistaraflokki og drengjaflokki um helgina. Sá elsti, Dagur Kár leikur sem atvinnumaður í Austurríki og sá næstelsti, Daði Lár, með Haukum. Þeir léku áður með meistaraflokki Stjörnunnar.

„Jón Kr. hefur komið að því að byggja upp starfið í kringum sína stráka en hann er líka mikill áhugamaður um deildina og er alltaf reiðubúinn að aðstoða og miðla af sinni miklu reynslu. Til dæmis kom formaður körfuknattleiksdeildarinnar [Hilmar Júlíusson] upphaflega inn í starfið í gegnum son sinn [Tómas Þórð] sem Jón Kr. þjálfaði," sagði Snorri sem var aðstoðarmaður Teits Örlygssonar með meistaraflokk karla í nokkur ár. Hann segir að þótt Teitur hafi aldrei þjálfað yngri flokka hafi Teitur haft mikil áhrif á starfið hjá Stjörnunni. „Metnaður hans, keppnisskap og þekking á leiknum smitaði út frá sér," sagði Snorri.

En hver er framtíðarsýnin hjá körfuknattleiksdeild Stjörnunnar? „Við ætlum að vera með flottasta yngri flokka starfið. Það er huglægur mælikvarði en við viljum vera með marga iðkendur og ná árangri eins og um helgina. En gæði þjálfunar yngri flokka felst í meiru en að vinna titla. Við viljum að það verði horft til okkar sem leiðandi afls í uppbyggingu á yngri flokka starfi. Okkur finnst við vera á réttri leið," sagði Snorri að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

**Coca Cola bikar kvenna**

**Selfoss - Fram 22-34**

**Selfoss:** Perla Ruth Albertsdóttir 4, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 4, Katla María Magnúsdóttir 4, Hulda Dís Þrastardóttir 3, Sara Boye Sörensen 3, Kristrún Steinþórsdóttir 2.

**Fram:** Steinunn Björnsdóttir 8, Þórey Rósa Stefánsdóttir 8, Karen Knútsdóttir 4, Unnur Ómarsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Ragnheiður Júlíusdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Lena Margrét Valdimarsdóttir 2.

**Coca Cola bikar karla**

**Selfoss - Valur 24-31**

**Selfoss:** Haukur Þrastarson 7, Hergeir Grimsson 4, Guðjón Baldur Ómarsson 4, Elvar Örn Jónsson 3, Nökkvi Dan Elliðason 3, Árni Steinn Steinþórsson 1, Einar Sverrisson 1, Guðni Ingvarsson 1.

**Valur:** Anton Rúnarsson 8, Magnús Óli Magnússon 7, Sveinn Aron Sveinsson 6, Vignir Stefánsson 4, Ýmir Örn Gíslason 3, Daníel Freyr Andrésson 1, Ásgeir Snær Vignisson 1, Alexander Örn Júlíusson 1.

**Enska bikarkeppnin**

**Chelsea - Man. Utd. 0-2**

0-1 Ander Herrera (31.), 0-2 Paul Pogba (45.).

## Mætir Bayern í þrítugasta sinn

**FÓTBOLTI** Liverpool, silfurlið Meistaradeildar Evrópu á síðasta tímabili, tekur á móti Bayern München í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum keppninnar í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 20.00. Á sama tíma mætast Lyon og Barcelona í Frakklandi.

Bayern er það lið sem Jürgen Klopp hefur oftast mætt á stjóraferlinum, eða 29 sinnum. Lið hans hafa unnið níu leiki, gert fjögur jafntefli og tapað 16. Sárasta tapið gegn Bayern kom í úrslitaleik Meistaradeildarinnar 2013 þegar Klopp var við stjórnvölinn hjá Dortmund. Þá voru Robert Lewandowski og Mats Hummels í liði Dortmund en þeir leika með Bayern í dag.

Virgil van Dijk tekur út leikbann hjá Liverpool í kvöld og þá er óvíst með þátttöku Dejan Lovren og Roberto Firmino. Thomas Müller er í banni hjá Bayern. **– iþs**

## Hlynur kveður gegn Portúgal

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson leikur sinn 125. og síðasta landsleik þegar Ísland tekur á móti Portúgal í forkeppni EM 2021 á fimmtudaginn. Þetta verður því kveðjuleikur jafnaldranna Hlyns og Jóns Arnórs Stefánssonar (fæddir 1982) með landsliðinu.



Hlynur lék sinn fyrsta landsleik árið 2000. Hann hefur verið fyrirliði landsliðsins undanfarin ár og átti stóran þátt í því að Ísland komst á EM 2015 og 2017.

Hlynur, sem varð bikarmeistari með Stjörnunni um helgina, er sjötti leikjahæstur í sögu íslenska landsliðsins. **– iþs**




# HVER ER ÞINN DRAUMAKODDI?

## TEMPUR HEILSUKODDAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




### TEMPUR SIGNATURE

Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstellingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða faðmað.

15.900 kr.

**Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr. fylgir koddanum**




### TEMPUR ORIGINAL

Fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda af líkamlegum ástæðum. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins. Hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna næturhvíld. Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki. Fáanlegur S / M / L / XL.

Frá: 14.900 kr.

**Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr. fylgir koddanum**




### TEMPUR CLOUD COMFORT

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr Tempur ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en mýktina líka.

19.900 kr.

**Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr. fylgir koddanum**




### TEMPUR TRADITIONAL

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. **Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.**

15.900 kr.

**Tempur® svefngríma að verðmæti 4.990 kr. fylgir koddanum**




### TEMPUR VÍSINDALEG UPPFINNING

Uppruna Tempur efnisins má rekja til nýsköpunarvinnu bandarísku geimferðastofnunarinnar (NASA) á 8. áratug síðustu aldar. Vísindamennirnir fundu upp efni sem gat tekið við og jafnað út þrýsting við geimskot frá jörðu og um leið veitt geimförum nauðsynlegan stuðning. Þar með var grunnurinn lagður að Tempur og er framþróuninni haldið áfram í dag til að gera góðan nætursvefn enn betri.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY www.spacefoundation.org

THE *ONLY* MATTRESS AND PILLOW RECOGNIZED BY **NASA** AND CERTIFIED BY THE SPACE FOUNDATION

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
19. FEBRÚAR 2019 ÞRIÐJUDAGUR



✝

Eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir, okkar ástkæra,

**Berglind Hallgrímsdóttir**
Sunnuvegi 25,

lést á heimili sínu föstudaginn 15. febrúar.

**Eðvarð Jón Bjarnason**
**Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir**
**Jónas Hlynur Hallgrímsson**
**Ásgeir Örn Hallgrímsson**
**Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir**
**Elsa Edda Eðvarðsdóttir**
**Hallgrímur Jónasson**
**Hanna Borg Jónsdóttir**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Sverrir Júlíusson**
Austurgötu 31 , Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, þann 4. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey . Sérstakar þakkir til starfsfólk Sólvangs fyrir góða umönnun og hlýju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Birna G. Sverrisdóttir**
**Björk Sverrisdóttir**
**Hjalti Allan Sverrisson**
**Halldóra Júlíusdóttir**
**Magnús Arthúrsson**
**Lísa Ásgeirsdóttir**
**Karel I. Karelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

**Áslaug Jafetsdóttir Fitch**

lést þriðjudaginn 5. febrúar 2019 að heimili sínu í Kaupmannahöfn. Jarðarförin fór fram í Kaupmannahöfn fimmtudaginn 14. febrúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**David John Fitch**
**Vanessa Davidsdottir Fitch**
**Jafet Egill Fitch**
**Margrét Þ. Jafetsdóttir og fjölskylda**
**Hjördís Jafetsdóttir og fjölskylda**
**Svanhvít Björgvinsdóttir og fjölskylda**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

ÞETTA GERÐIST 19. 2. 2004

## Wiesenthal var sæmdur riddarakrossi



Simon Wiesenthal var sæmdur riddarakrossi bresku krúnunnar fyrir ævilangt starf í þágu mannkyns þennan mánaðardag árið 2004.

Wiesenthal var byggingaverkfræðingur að mennt og starfaði líka sem rithöfundur. Hann var austurrískur gyðingur og var í fjögur ár í útrýmingarbúðum nasista, frá 1941 til 1944 - en lifði helförina af.

Eftir vistina í útrýmingarbúðunum vóg Wiesenthal einungis 40 kíló, Var hann þó 180 sentimetrar að hæð. Þegar hann hafði náð heilsu eftir þessar hremmingar helgaði hann líf sitt því að safna upplýsingum um nasistaforingja og leita þá uppi svo hægt væri að sækja þá til saka fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu.

Hann stofnaði meðal annars skjalasafn um gyðinga, árið 1947 í Linz í Austurríki, þar sem bæði hann og aðrir söfnuðu saman upplýsingum og aðstoðuðu fólk við að leita að týndum ættingjum sínum eftir stríðið.

Simon Wiesenthal-stofnunin var nefnd eftir honum, hún stendur vörð um réttindi gyðinga og hefur haft uppi á nokkrum nasistaforingjum frá því að hún var stofnuð árið 1977.

Á áttunda áratugnum blandaði Wiesenthal sér í austurísk stjórnmál. Hann hélt því fram að allnokkrir ráðherrar í ríkisstjórn Brunos Kreisky hefðu verið nasistar.

Wiesenthal fékk margar morðhótanir um ævina en hann lést í svefni í Vín í Austurríki árið 2005 og var grafinn í borginni Herzliya í Ísrael.



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Jóhannsdóttir**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði þriðjudaginn 12. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. febrúar klukkan 13.00.

**Hallfríður Ólafsdóttir**
**Heimir Ólafsson**
**Anna Ólafsdóttir**
**Jón Frímann Ágústsson**
**Kristín Jónsdóttir**
**Páll Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku besti eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**Guðmundur Valur Hauksson**
**(Bússi)**
Veðramótum,

lést á heimili sínu föstudaginn 15. febrúar.

**Nanna H. Ásgrímsdóttir**
**Haukur Guðmundsson**
**Jennifer Guðmundsson**
**Ásgerður Helga Guðmundsdóttir**
**Árni Hrafn Olsen**
**Sveinn Þórir Guðmundsson**
**Dusana Poláková**
**Sigurður Valur Guðmundsson**
**Ásta Sirrí Jónasdóttir**
**Hartmann Kristinn Guðmundsson**
**Hólmfríður Sölvadóttir**
**Edda Björk Hauksdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur H. Gíslason**
Skúlagötu 20,
áður Meistaravöllum 31,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 16. febrúar sl. Útförin fer fram föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00 frá Lindakirkju í Kópavogi. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg eða Krabbameinsfélagið.

**Bjarney Kristín Viggósdóttir**
**Viggó Guðmundsson**
**Gunnar Ingi Guðmundsson**
**Sigríður Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**María Guðrún Guðmundsdóttir**
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi,
áður til heimilis að Tjarnarási 12,
Stykkishólmi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans, sunnudaginn 10. febrúar sl. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju, föstudaginn 22. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á félagsstarfið á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, banki: 309-26-1377, kt: 290575-3709.

**Guðrún Gunnlaugsdóttir**
**Kristján Gunnlaugsson**
**Guðmundur Gunnlaugsson**
**Þröstur Gunnlaugsson**
**Jóhann Gunnlaugsson**
**Jónas Steinþórsson**
**Dallilja Inga Steinarsdóttir**
**Dagbjört I. Bæringsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir**
**Vaka Helga Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Sigurjónsdóttir**
húsmóðir,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 11. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Önundur S. Björnsson**
**Sigurjón Björnsson**
**Jóhanna Björnsdóttir**
**Björn Sveinn Björnsson**
**Tómas Björnsson**
**Kristjana Þráinsdóttir**
**Gísli Gíslason**
**Súsanna Lind Björnsson**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Agnar Einarsson**
fv. hljóðmeistari hjá Sjónvarpinu,
Kópavogsbraut 1b,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 22. febrúar klukkan 13.

**Brynhildur Agnarsdóttir**
**Erna G. Agnarsdóttir**
**Garðar Agnarsson Hall**
**Sveinn Þorsteinsson**
**Þorlákur Björnsson**
**Sigríður Pétursdóttir**
**og fjölskylda.**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Þ. Aradóttir**
sjúkraliði,
Meðalholti 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

**Tinna Rós Gunnarsdóttir**
**Ævar Jarl Rafnsson**
**Diljá og Þorleifur Ari**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Fólk
## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR 2019




NOW bætiefnin hjálpa Arnari Péturssyni maraþonhlaupara til að ná markmiðum sínum. Hann setur stefnuna á Ólympíuleikana 2020. MYND/STEFÁN

# Bætiefni Arnars maraþonhlaupara

Arnar Pétursson hefur verið einn fremsti maraþonhlaupari landsins undanfarin ár. Hann hefur sett stefnuna á Ólympíuleikana árið 2020 og æfir því af miklum krafti um þessar mundir. Arnar notar bætiefni frá NOW. →2

HREINT OG NÁTTÚRULEGT
SVITASPREY


Fást í apótekum, heilsubúðum og Hagkaup

Framhald af forsíðu ➪

Óhætt er að segja að líf Arnars snúist um íþróttir. Á síðasta ári varð hann nífaldur Íslandsmeistari í frjálsum íþróttum, fyrstur Íslendinga. „Íslenskan nær oft fallega utan um hlutina og þannig er það líka með orðið fæðubótarefni,“ segir Arnar Pétursson, einn fremsti maraþonhlaupari landsins. „Fyrir mér eru fæðubótarefni nákvæmlega það, eitthvað til að bæta fæðuna. Að sjálfsögðu reyni ég að fá sem mest af mínum næringarefnum í gegnum góða og fjölbreytta fæðu en NOW fæðubótarefnin tryggja það að hver einasti dagur innihaldi allt það sem ég þarf til að ná sem bestum árangri.“

Fyrir jól var Arnar í þrjá mánuði í Bandaríkjunum þar sem hann æfði í Mammoth Lakes í 2400 m hæð með stuttum stoppum í hinum gríðarlega fallega bæ í Riverside. „Eftir jól dvaldi ég svo í rúman mánuð í mekka hlaupanna í Iten í Kenýa. Þarna hafa allir bestu hlauparar í heiminum æft og er vægast sagt mikil upplifun að æfa þarna. Ég hef því á síðustu 130 dögum náð að æfa í 2400 m hæð eða ofar í samtals 100 daga sem er eitthvað sem fáir ef einhverjir íslenskir þolíþróttamenn hafa gert. Í svona háfjallaæfingabúðum er nauðsynlegt að hafa með sér fæðubótarefni því það er erfitt að taka öll þau næringarefni sem eru nauðsynleg við slíkar æfingar en ég var að hlaupa á bilinu 150-200 km á viku.“

Það sem liggur fyrir núna er lokaundirbúningur fyrir hálft maraþon í Haag þann 10. mars og svo maraþon í Rotterdam 7. apríl. „Á þessu ári langar mig að gera atlögu að Íslandsmetinu í maraþoni sem er 2:17:12 og svo er langtímamarkmiðið að komast á Ólympíuleikana í Tókýó 2020. Til þess að það verði að veruleika er mikilvægt að hafa bæði æfingar og næringu í eins góðu lagi og mögulegt er.“

„Markmiðið er að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Tókýó sumarið 2020. Ég ætla að að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í sumar, auk þess að hlaupa maraþon í Berlín eða Köln,“ segir Arnar sem er nýlega kominn heim frá Hamborg. Þar í borg hljóp hann maraþon á þriðja besta tíma sem Íslendingur hefur hlaupið frá upphafi.

## Vill ná góðum árangri

Arnar æfði fótbolta og körfubolta á sínum yngri árum og hampaði Íslandsmeistaratitli í báðum greinum. Síðustu sex árin hefur hann einbeitt sér að maraþoni með frábærum árangri. „Ég æfi mikið og vil ná eins góðum árangri og ég mögulega get. Það skiptir miklu máli að vera með allt á hreinu varðandi æfingar, það er ekki nóg að æfa mikið heldur þarf líka að hugsa um næringu, bætiefni, teygjur, nudd og að allt utanumhald sé pottþétt,“ segir Arnar.

Hann hefur verið svo lánsamur á sínum ferli að hafa ekki þurft að glíma við íþróttameiðsli. „Það er ekkert einfaldara en að meiðast eða æfa of mikið. Þess vegna er mikilvægt að vera vakandi fyrir því hvernig líkaminn bregst við þjálfun,“ segir Arnar og bætir við að það sé mikið nákvæmnisverk. „Til að ná hámarksárangri þarf að dansa á þeirri línu að vera á milli þess að vera í ofþjálfun og ná hámarksárangri. Það má ekki fara yfir þessa línu.“

Arnar er með BA-gráðu í hagfræði og lýkur senn þremur mastersgráðum á þremur árum. „Undanfarin ár hef ég verið í 120 prósent námi og unnið meðfram því en ég lýk mastersnámi í endurskoðun og reikningsskilum, fjármálum fyrirtækja og kennsluréttindum núna í sumar. Þetta hefur gengið vel með góðu skipulagi en ég hef varla gert annað en að æfa, læra og ferðast. Á þessum þremur árum hef ég verið í útlöndum í um 14 mánuði samtals. Fyrst sem skiptinemi í Þýskalandi og svo í æfingabúðum um allan heim. Það er bara gott að geta tekið námið og æfingarnar með sér hvert sem maður fer,“ segir Arnar brosandi.

Arnar er á Instagram undir notendanafninu @arnarpetur þar sem hann leyfir fólki að fylgjast náið með hvað þarf til að ná betri árangri í hlaupum.

## B12-vítamín daglega

Arnar byrjar daginn á að taka B12 Ultra en miklar æfingar spæna upp B-vítamín í skrokknum. B12 er nauðsynlegt við myndun nýrra rauðra blóðkorna og skortur á því getur valdið blóðleysi, þrekleysi og síþreytu. B-12-vítamín finnst ekki grænmetisfæði og grænmetisætum því hætt við skorti. NOW Ultra B12 liquid inniheldur einnig hin B-vítamínin: 1, 2, 3, 5 og 6.

## Amino Power fyrir æfingar

Fyrir æfingar tekur Arnar Amino Power sem er hreinn Pre Workout drykkur sem inniheldur engin óæskileg aukaefni, er sættur með steviu og xylitoli og litaður með rauðrófudufti. Drykkurinn inniheldur mátulegt magn af koffeini (50 mg í skammti) sem eykur orku og einbeitingu, BCAA-amínósýrur sem hraða endurheimt og auka vöðvavöxt, beta-alanín og karnitín til að draga úr þreytu og arginín til að auka blóðflæði.

## Ofurblanda af grænni fæðu

Á milli mála fær Arnar sér Green Phyto Foods, ofurblöndu af grænni fæðu og jurtum, bætt með vítamínum og steinefnum, trefjum, ensímum og chlorophyll (blaðgrænu). Ein besta leiðin til að borða grænmeti er að drekka það.

## Nauðsynlegt að taka bólgueyðandi

Arnar tekur daglega inn Curcufresh. Kúrkúmin er virka efnið í túrmeriki og er það talið hafa mjög bólgueyðandi eiginleika. Curcufresh og Curcubrain blöndurnar frá NOW eru sérhannaðar til að hámarka upptöku og nýtast þær sérstaklega vel í endurheimt eftir hlaup.

## Góðgerlar fyrir þarmaflóruna

Til að halda meltingunni í lagi tekur Arnar Probiotic 10 25 billion. Góðgerlar eru ekki bara fyrir þá sem þjást af einhvers konar meltingarkvillum heldur fyrir alla sem vilja lifa heilbrigðu lífi. Íþróttafólk undir miklu álagi getur verið sérstaklega viðkvæmt fyrir pestum og öðrum veikindum, en góð þarmaflóra og inntaka góðgerla getur dregið úr þessum neikvæðu áhrifum.

## Steinefnablanda fyrir eða eftir æfingar

Arnar tekur daglega Full spectrum minerals, steinefnablöndu með öllum helstu steinefnunum sem við þurfum til að líkaminn starfi eðlilega. Við erfiðar æfingar tapast steinefni og því er afar mikilvægt að fylla á forðann bæði fyrir, eftir og jafnvel á meðan á æfingu stendur. Steinefnablandan frá NOW inniheldur m.a. magnesíum, kalk, joð, mangan, sínk, króm, og kalíum.



Arnar tekur bætiefni frá NOW til að fá öll steinefni, vítamín og bætiefni sem hann þarf á að halda.




**Arnar tekur Probiotic-10 25 billion til að halda meltingunni í lagi. Góðgerlar eru ekki bara fyrir þá sem þjást af einhvers konar meltingarkvillum heldur fyrir alla sem vilja lifa heilbrigðu lífi.**




**Á milli mála fær Arnar sér Green Phyto Foods, sem er ofurblanda af grænni fæðu og jurtum.**




**Fyrir æfingar tekur Arnar Amino Power sem er hreinn Pre Workout drykkur sem inniheldur engin óæskileg aukaefni.**




**Arnar segir nauðsynlegt fyrir sig að taka daglega Full spectrum minerals, sem er steinefnablanda með öllum helstu steinefnum sem við þurfum til að líkaminn starfi eðlilega.**




**Curcufresh og Curcubrain blöndurnar frá NOW eru sérhannaðar til að hámarka upptöku og nýtast þær sérstaklega vel í endurheimt eftir hlaup.**




**Arnar byrjar daginn á að taka B12 Ultra en miklar æfingar spæna upp B-vítamín í skrokknum.**

# Lífeyrissjóðir og sparnaður

ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR 2019

Kynningar: Arion banki og Birta lífeyrissjóður.




Nýttu þér
SJÓÐFÉLAGAVEFINN

Við hvetjum sjóðfélaga okkar til að nýta sér sjóðfélagavefinn en á honum getur þú skoðað:

- Lífeyrisréttindi þín hjá sjóðnum
- Lífeyrisgreiðslur ef þú hefur þegar hafið töku lífeyri
- Lífeyrisgáttina þar sem má nálgast upplýsingar um réttindi þín í samtryggingarmálum

Sjóðfélagavefurinn nýtist lífeyrisþegum, þeim sem nálgast eftirlaunaaldur og þeim sem vilja hafa yfirsýn á hverjum tíma yfir þessi mikilvægu réttindi sín. Sjóðfélagavefurinn er aðgengilegur í gegnum heimasíðu sjóðsins, lifbru.is.

BRÚ lífeyrissjóður

Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | sími 540 0700 | lifbru@lifbru.is




# Fimmtugsafmælis minnst í vor

**Í vor verður hálf öld síðan samið var um skylduaðild að lífeyrissjóðum í kjarasamningum á almennum markaði. Á þessum tímamótum verður fyrst og fremst horft fram á veginn.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Í maí verður þess minnst að hálf öld er liðin frá því samið var um skylduaðild að lífeyrissjóðum í kjarasamningum á almennum markaði. Tímamótanna verður m.a. minnst í framhaldi af ársfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. „Á afmælisfundinum og víðar verður tækifærið notað til að horfa um öxl og meta stöðu lífeyrissjóðakerfisins nú, en fyrst og fremst verður horft fram á veginn. Við þekkjum styrkleika kerfisins en við ræðum ekki síður það sem þykir mega fara betur.“

Lífeyrissjóðir eiga sér langa sögu en meginmarkmið þeirra hefur alltaf verið að leggja fyrir fjármuni til efri áranna. „Upphafið má rekja til lagasetningar vegna eftirlauna embættismanna. Þegar lög um almannatryggingar voru sett 1946 voru starfandi fimmtán lífeyrissjóðir starfsmanna ríkis, sveitarfélaga, banka og fyrirtækja í einkarekstri og samvinnurekstri.“

### Þrjár meginstoðir

Launafólk innan ASÍ átti lengi vel ekki aðild að lífeyrissjóðum en grundvallarbreyting varð þar á með kjarasamningunum árið 1969. „Þar voru ákvæði um atvinnutengda lífeyrissjóði með skylduaðild og sjóðsöfnun. Gleymum því ekki að á þessum tíma var efnahagskreppa hér á landi og mikið atvinnuleysi. Fjöldi fólks flutti úr landi í leit að atvinnu og betri lífskjörum. Í slíku árferði var samið um fyrstu skref að skylduaðild að lífeyrissjóðum. Það er til vitnis um framsýni og áræðni samningamanna beggja vegna borðs og þessara tímamóta minnumst við einmitt í maí.“

Árið 1980 var lögfest aðild allra á vinnumarkaði að lífeyrissjóðum, þar með talið þeirra sem voru sjálfstætt starfandi og atvinnurekendur. Gert var ráð fyrir að greiða minnst 10% dagvinnulauna í iðgjöld en 1986 var farið að miða við heildarlaun. „Heildarlöggjöf um lífeyrissjóði var sett 1997 og er grunnurinn sem kerfið stendur á enn þann dag í dag byggður á þremur meginstoðum: almannatryggingum ríkisins, samtryggingarkerfi lífeyrissjóða og frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði.“



Grundvallarbreyting varð á lífeyrissjóðakerfinu með kjarasamningunum árið 1969 segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Tímamótanna verður minnst í maí á þessu ári. MYND/SIGTRYGGUR ARI

### Mikilvægt skref

Lífeyrissjóðir hafa verið byggðir ólíkt upp og talsverður munur verið á réttindakerfi opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum markaði. „Á árinu 2017 tóku gildi miklar breytingar er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins og sveitarfélaga þar sem allir nýir starfsmenn heyra nú undir sömu löggjöf. Þetta var mikilvægt skref og stuðlar að sveigjanleika á vinnumarkaði, enda afla menn svipaðra lífeyrisréttinda hvort heldur starfað er hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði. Lífeyrissjóðakerfið er hluti af kjörum fólks og miklu máli skiptir að forystumenn launafólks og atvinnurekenda finni vettvang til að þróa það þannig að samræmdar reglur gildi fyrir allan vinnumarkaðinn.“

> „Í lok árs 1991 voru 88 lífeyrissjóðir hér á landi en árið 2007 hafði þeim fækkað um meira en helming.

### Eðlileg fækkun

Hún segir að lífeyrissjóðum muni fækka enn frekar og það sé eðlileg þróun. „Í lok árs 1991 voru 88 lífeyrissjóðir hér á landi en árið 2007 hafði þeim fækkað um meira en helming. Nú er skráður 21 sjóður innan vébanda Landssamtaka lífeyrissjóða. Það segir samt ekki alla söguna því sumir sjóðir eru lokaðir, það er að segja þeir taka ekki lengur við iðgjöldum og eru því ekki full starfandi. Sumir tala um að eðlilegt sé að enda í einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Það tel ég hvorki æskilega né eðlilega niðurstöðu, heldur að hér verði starfandi nokkrir stórir og öflugir sjóðir sem geti tekist á við sífellt fleiri verkefni og auknar kröfur sem til þeirra eru gerðar.“

# Reiknum með framtíðinni á birta.is

**Það er dyggð að spara. Fullyrðingin gæti í fljótu bragði virst vera ansi klisjukennd en er samt sígild og sönn! Við erum skyldug til að greiða í lífeyrissjóði alla starfsævina og mynda þannig bakhjarl okkar á efri árum, jafngildi tryggingar til lífsviðurværis sem varir ævina alla.**

Eindregið er mælst til þess að fólk stofni auk þess til séreignarsparnaðar og því fyrr á ævinni, því betra. Launafólk getur þannig lagt fyrir allt að 4% af heildarlaunum sínum til viðbótar skylduframlagi í lífeyrissjóði og fengið 2% á móti frá atvinnurekanda sínum. Þetta jafngildir launahækkun fyrir það eitt að spara í séreign!

Séreignarsparnaður hefur ýmsa fleiri kosti, til dæmis við fyrstu kaup á íbúð. Ráðgjafar Birtu lífeyrissjóðs veita með ánægju ráð og svara spurningum um mismunandi sparnaðarleiðir og annað tilheyrandi.




„Við bendum líka á að fólk getur prófað að gerast eigin ráðgjafar með því að nota reiknivélina okkar á birta.is og gefa sér mismunandi forsendur um mánaðarlaun, aldur, skyldusparnað, séreignarsparnað, tilgreindan séreignarsparnað, vænta ávöxtun og útborgunartíma. Það má alveg segja sem svo að fólk leiki sér með mismunandi tölur og kanni hvernig kemur til dæmis út að flýta eða seinka eftirlaunum. Þessum leik fylgir hins vegar nokkur alvara af því við erum þarna að „reikna með framtíðinni“, beinlínis átta okkur á því hve miklu máli skiptir á efri árum að reyna eftir megni að leggja eitthvað fyrir aukalega sem fyrst á starfsævinni,“ segir Hanna Þórunn Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs Birtu lífeyrissjóðs.



Hanna Þórunn Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs Birtu lífeyrissjóðs.

„Við erum stolt af reiknivélakerfinu á vefnum okkar, enda var mikil vinna í það lögð á sínum tíma. Reiknivélin fyrir eftirlaun var til dæmis frumherjasmíð sem vakti verðskuldaða athygli og við okkur var sagt að ýmsir aðrir hefðu gjarnan viljað þá Lilju kveðið hafa!“

### Greiðslumat með sjálfsafgreiðslusniði

Hanna Þórunn bendir á að Birta lífeyrissjóður marki sér sérstöðu á fleiri sviðum, nú síðast gagnvart þeim sem sækja um sjóðfélagalán.

„Ég vek athygli á því að við hjá Birtu höfum tekið í gagnið rafrænt greiðslumat með sjálfsafgreiðslusniði í samstarfi við Creditinfo og erum fyrsti lífeyrissjóðurinn sem það gerir. Fólk getur sjálft aflað sér upplýsinga og fengið bráðabirgðagreiðslumat á tölvuskjáinn sinn á fáeinum sekúndum. Ekki nóg með það, þeir sem fá samþykkt lán þurfa einungis að undirrita skuldabréf í lokin á skrifstofu sjóðsins eða hjá viðkomandi fasteignasölu. Tímafrekt og flókið pappírsumstang heyrir sögunni til og það kunna sjóðfélagar okkar að meta, enda er breytingin til mikils hagræðis og þæginda fyrir þá og fyrir sjóðinn.“

> **Hjá Birtu hefur verið tekið í gagnið rafrænt greiðslumat með sjálfsafgreiðslusniði í samstarfi við Creditinfo og erum fyrsti lífeyrissjóðurinn sem það gerir. Fólk getur sjálft aflað sér upplýsinga og fengið bráðabirgðagreiðslumat á tölvuskjáinn sinn á fáeinum sekúndum.**

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

# Allir hafa gott af góðri ráðgjöf um lífeyrismál

Heiðrún Leifsdóttir og Thelma Rós Halldórsdóttir starfa við lífeyrisráðgjöf hjá Lífeyrisþjónustu Arion banka í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni 19, fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn, Lífeyrisauka, EFÍA, Lífeyrissjóð Rangæinga og LSBÍ. Þær segja lífeyrismálin áhugaverð og starfið fjölbreytt.

*Hverjar eru algengustu fyrirspurnirnar?*

„Við fáum aðallega fyrirspurnir um útgreiðsluráðgjöf og þá langoftast vegna starfsloka en jafnframt heilmikið vegna örorku, andláts og annars sem tengist lífeyrismálum, einnig frá launagreiðendum.“

Heiðrún og Thelma Rós mæla með að fólk bóki fundi fyrirfram og að hjón/sambúðaraðilar komi saman, til að ná fram skýrari mynd af heildartekjum heimilisins.

### Markmiðasetning er æskileg

„Staðreyndin er sú að flestir taka á sig umtalsverða launalækkun við starfslok og búast má við því að þeir sem fara á eftirlaun á næstu árum fái 40%-60% af lokalaunum úr lífeyrissjóði“ segir Heiðrún.

„Það krefst áralangs undirbúnings að leggja fyrir til að geta viðhaldið sambærilegum lífsstíl á eftirlaunaárunum. Æskilegt er að setja sér markmið í tíma um ákveðnar tekjur við starfslok, t.d. 70-80% af lokalaunum. Fólk sem fer á ellilífeyri í framtíðinni getur ekki sett allt sitt traust á greiðslur frá Tryggingastofnun, m.a. vegna tekjutenginga sem stjórnvöld ákveða, en ætti hins vegar að fá hærri ævilangan ellilífeyri úr lífeyrissjóðum en þeir sem eru á ellilífeyri í dag,“ segir Thelma Rós.



**Thelma Rós Halldórsdóttir og Heiðrún Leifsdóttir segja algengustu spurningarnar fjalla um starfslok, örorku og andlát.** MYND/EYÞÓR

### Góður undirbúningur eykur ánægju við starfslok

Að sögn Heiðrúnar hefur aukist að fólk á miðjum aldri leiti ráðgjafar um lífeyrismál þó flestir geri það ekki fyrr en kemur að starfslokum. „Eftir að hafa lagt mat á stöðu sína ákveða margir að auka sparnað til að tryggja sér ásættanlegan lífeyri, t.d. með viðbótarlífeyrissparnaði en best væri að nýta hann frá upphafi starfsferils til að tryggja aukið fjárhagslegt frelsi við starfslok.

### Mikilvægt að horfa á heildarmyndina

Thelma Rós vekur athygli á að eitt af því sem fólk upplifi við starfslok sé að í stað þess að fá laun reglulega frá einum launagreiðanda þurfi það að taka ákvarðanir um hvenær hefja eigi útgreiðslur séreignarsparnaðar og ellilífeyris úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun og hvernig nýta megi annan sparnað og eignir sem best. „Mikilvægt er að horfa á heildarmyndina því það er t.d. margt sem hefur áhrif á greiðslur frá Tryggingastofnun, þ.e. lífeyrir úr lífeyrissjóðum, atvinnutekjur og fjármagnstekjur, s.s. vextir bankabóka, ávöxtun verðbréfasjóða við sölu þeirra, hagnaður, arður eða leigutekjur,“ segir Thelma Rós.

### Við leitum leiða til að allir fái sem mest út úr sparnaðinum

„Margir leita til okkar við þessi tímamót og markmið okkar er eins og áður sagði að horfa á heildarmyndina og leita leiða til að fólk fái sem mest út úr sparnaði sínum. Þá skoðum við einkum skattamálin og samspilið við Tryggingastofnun en fleira getur komið til, jafnvel skipting lífeyrisréttinda og/eða séreignar. Margir spá líka mikið í erfanleika,“ segir Heiðrún. Loks er skynsamlegt að meta hvort draga eigi úr áhættu fjárfestinga, bætir Heiðrún við.

### Persónulegar forsendur og ráðleggingar sérfræðinga

Thelma Rós bendir á mikilvægi þess að hver og einn skoði sín lífeyrismál út frá eigin forsendum en ekki annarra og grípi ekki á lofti sem heilög sannindi eitthvað sem sagt er í heita pottinum. Betra sé að leita ráðgjafar hjá sínum lífeyrissjóði og/eða Tryggingastofnun og kynna sér þær reglur sem í gildi eru því samspilið milli almannatrygginga og annarra tekna geti breyst.

### Fræðsla um útgreiðslur

Fjallað verður um helstu þætti sem snúa að útgreiðslum lífeyrissparnaðar á fræðslufundi sem haldinn verður í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 26. febrúar kl. 17:30.

„Við hvetjum alla til að mæta og skrá sig á arionbanki.is,“ segja Heiðrún og Thelma Rós að lokum.

# Með einn besta séreignasparnaðinn

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka, segir lífeyrissparnað ekki vera mjög skemmtilegt málefni. Hann sé lítið í umræðunni þrátt fyrir að vera gífurlega mikilvægur.

Á Íslandi er í lögum að greitt sé mótframlag í séreign. Ef ég legg til 2 eða 4 prósent verður vinnan mín að bæta við að lágmarki 2 prósentum. Þar að auki fylgja þessu alls kyns fríðindi. Þar er engin fjármagnstekjuskattur, engar skerðingar, þetta erfist að fullu og má ekki taka af fólki sem verður gjaldþrota. Eins og íslenska kerfið er hefði maður haldið að allir væru með séreignasparnað því það hefur í raun enginn efni á að sleppa honum og afþakka mótframlag,“ segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka.

Björn Berg hefur þann sið að geta gert fjármál og flókin málefni að ótrúlega sjarmerandi hlut og það er ekkert leiðinlegt að hlusta á hann tala um fjármál. Hvort sem það er um fjármál á HM í fótbolta eða um lífeyrissjóði og sparnað.

Hann viðurkennir að sparnaður sé ekki mjög skemmtilegt málefni en þó afar mikilvægt. „Við erum flest upptekin af öðru, svo sem að vinna og ala upp börnin okkar og það er ekki skrítið að lífeyrismálin séu fólki ekki ofarlega í huga. En allt í einu erum við komin á lífeyrisaldur og förum þá kannski fyrst að hugsa um á hverju við ætlum að lifa næstu áratugina. Það er of seint, auðvitað ættum við að byrja að velta þessu fyrir okkur miklu fyrr. Við þurfum öll að hugsa vandlega um okkar sparnað og viljum ekki lenda í þeirri stöðu að átta okkur á því að fjármálin séu í ólagi þegar of seint er að gera einhverjar breytingar og freista þess að laga þau.

Björn Berg og félagar í Íslandsbanka hafa verið með fyrirlestra um ævisparnað ásamt fleiri fyrirlestrum reyndar og hitt fjölda fólks.

„Sumir hafa kynnt sér þetta og eru vel að sér en ég held að lífeyrismál séu ekki með því vinsælasta meðal ungs fólks. Þetta er ekki það sem fólk er að velta fyrir sér dagsdaglega og það er sama og engin umræða um þessi mál. Það sem við gerum hér hjá Íslandsbanka, hvort sem við erum að halda námskeið, hitta skólafólk eða búa til þætti fyrir netið, er að freista þess að auka áhuga almennings á fjármálum. Það er okkar markmið. Reyna að gera þau skemmtilegri svo það kvikni áhugi hjá fólki sem aftur mun verða til þess að fólk sé þá duglegra að setjast yfir sín mál og vilji kynna sér málin betur. Það er rétta leiðin að mínu mati.“



**Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka.**

Hann segir eina aðferð þó virka þokkalega til að sannfæra ungt fólk um mikilvægi sparnaðar. „Það sem mér finnst virka er þegar fólk sér þetta svart á hvítu. Þegar við sjáum á blaði í hvað stefnir hjá okkur sjálfum. Hvernig lítur þetta til dæmis út ef ég held áfram að spara með sama hætti eða bæti aðeins í? Frelsið sem fylgir því að eiga eitthvað í aukasjóði er svo dýrmætt, til dæmis sem trygging fyrir áföllum, sem svigrúm til að geta hætt fyrr að vinna, minnkað við sig starfshlutfall og svo framvegis. Ég er á því að það sé ekki nóg að treysta 100 prósent á kerfin, til dæmis lífeyrissjóðina og Tryggingastofnun, alveg óháð því hvort okkur finnst þau vera góð eða slæm. Það má vel vera að þessi kerfi verði í fullkomnu lagi þegar ég hætti að vinna en ég ætla ekki að veðja öllum mínum eftirlaunaárum á það.



**Björn vill að fólk fari að huga að lífeyri fyrr.** NORDICPHOTOS/GETTY

# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

**30 DAGA**
**PRUFUÁSKRIFT**
**+ TVÆR SKÝRSLUR**
**AÐ EIGIN VALI!**




## PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**
S. 567 2000



**HYBRID/409 HÖ !**
Volvo XC90 T8 Plug-In Momentum+ 409 HÖ, árg 2016 ek 26 þ.km Hlaðinn búnaði Dsumar/vetrardekk, Verð nú 8390 ! (Raðnr 153385)

**Bilasalan Bilfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFVIRKI**
Vantar þig rafvirkja strax í smáverk Gvendarbás ehf. - S. 853 1199

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

### Til sölu

**mýranaut**
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**STIGA**



**ST 5266 PB snjóblásari**
B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**

Þarftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# NÝLEGIR TOYOTA YARIS 2017*

GÓÐUR BÍLL BETRI DÍLL

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið

**Allt að 100% lánamöguleikar**

AÐEINS 19 ÞÚS Á MÁNUÐI** 80%lán



**Vel búnir**

√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi √ Til í ýmsum litum

Yaris 1,0 bensín beinskiptir árg 2017 eknir frá 43 þús.
Bíll á mynd getur verið frábrugðin sölubíl

TILBOÐSVERÐ KR.
**1.490** ÞÚS. STGR.

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95% ÁHK 9,64%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

## Atvinna

**LIND FASTEIGNASALA**

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum










Andaðu léttar

íshúsið
ishusid@ishusid.is • S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is

THULE SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar

Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Fremur hæg austlæg átt á norðanverðu landinu, bjartviðri og frost að 7 stigum. Austan 8-15 sunnan til með stöku skúrum eða éljum, hiti um og yfir frostmarki. Hvessir sunnanlands undir kvöld og fer að rigna á láglendi.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | -0° |
| ↑7 | ←13 | ←7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 2° | 1° |
| ←17 | ←11 | ↖18 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 3° |
| ↖9 | ↖6 | ↖4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 3° | 1° |
| ↖12 | ↖7 | ↑19 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skán
5. dvelja
6. í röð
8. nísta
10. prófgráða
11. vöntun
12. mynt
13. viðkvæmni
15. drifskaft
17. fíflast

**LÓÐRÉTT**
1. áform
2. spyrja
3. mánuður
4. að baki
7. glettast
9. sveifla
12. sýking
14. heiður
16. möndull

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**: 1. himna, 5. una, 6. fg, 8. gnísta, 10. ma, 11. van, 12. sent, 13. næmi, 15. drifás, 17. atast.
**LÓÐRÉTT**: 1. hugmynd, 2. inna, 3. maí, 4. aftan, 7. gantast, 9. sveifa, 12. smit, 14. æra, 16. ás.

## Skák Gunnar Björnsson

Hilmir Freyr Heimisson (2394) átti leik gegn Andreas Fossan (2025) á NM í skólaskák.

Hilmir hafði þegar fórnað manni en var alls ekki hættur. **27. Rd5! Kxd5 28. Df7+ Ke5. 29. Hh5+ Hg5.** Um helgina var kynnt til leiks Skákframtíðin sem ætlað er að styðja við unga afreksmenn í skák og byggja upp landslið til framtíðar.

**www.skak.is:** Skákframtíðin

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# STÓLADAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!



**HEADPOINT**
**VERÐ NÚ**
**56.900 KR.**



**ERGO MEDIC 100-3**
**VERÐ NÚ**
**136.900 KR.**



**W70 FUNDARSTÓLL**
**VERÐ NÚ**
**79.900 KR.**



**CUBE FUNDARSTÓLL**
**VERÐ NÚ**
**42.900 KR.**

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

Hirzlan
TILBOÐ



## RAFMAGNSBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI

Öll rafmagnsborð Hirzlunnar eru með minnisstýringu sem hámarkar notagildi borðsins.

**Verð frá kr.**
**54.900**










Viðskiptahugmynd til sölu

**Hjónabandsmiðlun á internetinu**

Hugmynd mín er sú að hjónabandsmiðlun á internetinu verði stofnuð og þá út frá stjörnumerkjum.
Við hvert stjörnumerki koma alltaf tvö stjörnumerki til greina sem hugsanlegir makar.
Hæfileikar og eiginleikar stjórnast af stórum hluta á því í hvaða stjörnumerki við erum fædd í. Lita ljósmynd fylgir alltaf. Flestir geta bent hvort manni fellur við persónuna. Langflestir eru ósköp venjulegt fólk. Sé fólk glaðvært er ástæða til að taka það fram. Ég þarf sérstaklega að ná í Guðlaug Guðmundsson stjörnuspeking. Fyrst að ég er byrjaður að skrifa þá bráð vantar mig enska tungumálanámskeiðið; **Enska án erfiðis.**

**Upplýsingar í síma 483-3568 Björgvin Ómar Ólafsson**



Fyrsta skáldsaga Þóru fjallar um ástina á tímum klámvæðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hin myrka hlið ástarinnar

## Þóra Hjörleifsdóttir sendir frá sér fyrstu skáldsögu sína. Er ein af Svikaskáldum og vinkonurnar í hópnum gáfu henni góð ráð.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Kvika er fyrsta skáldsaga Þóru Hjörleifsdóttur. „Hún fjallar um ástina á tímum klámvæðingar og aðalpersónan Lilja verður ástfangin af strák og leyfir honum að ganga yfir öll mörk. Í þessari bók er ég að skoða hvað gerist þegar einstaklingur fellir niður varnarveggina og segir skilið við prinsippin,“ segir Þóra. „Ástin er mér mjög hugleikin. Aðalumræðuefnið hjá mér og vinkonum mínum er ástin, leitin að henni og hvernig eigi að viðhalda henni. Ástin er risastór ráðgáta sem ég næ ekki alveg utan um. Það er ekkert betra en að vera elskuð og að elska, en svo kemur það fyrir að við flækjumst í það að beina ástinni ekki í besta farveg. Þá verður stundum óljóst hvar ástinni sleppir og hvar þráhyggja og geðveiki taka við. Í Kviku langaði mig til að fjalla um hina myrku hlið ástarinnar.

Ég held að Lilja sé persóna sem mjög margar konur muni tengja við að einhverju leyti. Hún kemur sér í aðstæður sem verða stöðugt verri og sekkur æ dýpra.“

> **ÉG HELD AÐ LILJA SÉ PERSÓNA SEM MJÖG MARGAR KONUR MUNI TENGJA VIÐ AÐ EINHVERJU LEYTI.**

### Ekki með fullkomnunaráráttu

Þóra er ein af Svikaskáldum en auk hennar eru í hópnum Fríða Ísberg, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir, Sunna Dís Másdóttir og Þórdís Helgadóttir. Saman hafa þær gefið út tvær ljóðabækur. Spurð hvort samstarfskonur hennar í Svikaskáldum hafi lesið yfir handrit þessarar fyrstu skáldsögu hennar segir Þóra: „Þær eru vinkonur mínar og við erum skáldagengi og lesum mikið yfir hver hjá annarri. Þær lásu yfir hjá mér og gáfu mér góð ráð. Hugmyndir fá oft vængi ef maður talar um þær við aðra. Það er einmanalegt að skrifa bók, maður er einn heima að puða og það er mjög þakklátt að hafa uppbrot á því í samvinnu í þessum hópi.

Við höfum gefið út tvær ljóðabækur og þá voru mjög strangar reglur í ritferlinu. Við höfum verið að að æfa okkur í því að vera ekki með fullkomnunaráráttu og hanga yfir texta of lengi í sjálfsgagnrýniskyrrstöðu. Svikaskáld voru eiginlega stofnuð til að þvo hendur okkar af þeirri vitleysu.“

Spurð hvort lýrík sé áberandi í skáldsögunni segir hún: „Já, og þegar líður á verkið verða kaflarnir æ styttri. Ég vildi láta textann leysast upp með Lilju, aðalpersónu sögunnar.“

### Súrrealísk tilfinning

Að lokum er Þóra spurð hvernig tilfinning fylgi því að gefa út fyrstu skáldsögu sína og svarar: „Hún er frábær, svolítið súrrealísk. Ég er búin að fá gríðarlega mikið af skilaboðum frá vinum, kunningjum og fólki sem er búið að lesa. Bókin er auðlesin og ekki löng og fólk nær að spæna sig í gegnum hana á einni kvöldstund en svo held ég að hún mari í undirmeðvitund margra í einhvern tíma á eftir.“




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 | NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Roma (SPANISH W/ENG SUB) | 17:30 | Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) | 20:00 |
| Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 17:50 | Transit (GERMAN & FRENCH W/ENG SUB) | 22:00 |
| Planeta Singli 3 (POLISH W/ENG SUB) | 17:50 | One Cut of the Dead (ICE SUB) | 22:00 |
| Shoplifters//Búðaþjófar (ICE SUB) | 20:00 | Damsel (ENGLISH - NO SUB) | 22:20 |
| Transit (GERMAN & FRENCH W/ICE SUB) | 20:00 | | |



# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. FEBRÚAR 2019

### Tónleikar

**Hvað?** Vetrarkyrrð með Jóni Svavari og Guðrúnu Dalíu
**Hvenær?** Kl. 20.00
**Hvar?** Salurinn, Hamraborg 6
Á efnisskrá tónleikanna eru meðal annarra verkin Vetur og Sprettur eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Gute Nacht og Der Lindenbaum úr Winterreise eftir Franz Schubert, Draumalandið, Gígjan og Sofnar lóa eftir Sigfús Einarsson, Í dag skein sól eftir Pál Ísólfsson og Í rökkurró eftir Björgvin Guðmundsson. Auk þess flytja þau aríur eftir Donizetti, Wagner og Gounod. Samspil þeirra Jóns og Guðrúnar spannar nú rúman áratug og hafa þau komið fram um víðan völl. Síðustu tónleikar þeirra í Salnum voru söngtónleikar fyrir börn sem báru heitið Ég sá sauð.



**Jón Svavar og Guðrún Dalía verða með tónleika í Salnum í kvöld.**

**Hvað?** Tango praktika og milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** kl. 20 - 23
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Opinn kynningartími í argentínskum tangó kl. 20-21, allir velkomnir, engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Í kjölfarið er milongan, frítt fyrir byrjendur. Dj er Daði og heldur hann uppi stuðinu með gullaldar tangótónlist í bland við nýja. Njótum þess að taka sporið í þessu fallega húsi. Aðgangseyrir er kr. 1.000,- á milongu en frítt er fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Kvartett Kristjönu Stefáns á Kexi
**Hvenær?** Kl. 20.30
**Hvar?** KEX Hostel
Á næsta djasskvöldi KEX Hostels, þriðjudaginn 19. febrúar, kemur fram kvartett söngkonunnar Kristjönu Stefánsdóttur. Með henni leika þeir Kjartan Valdemarsson á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja fjölbreytta dagskrá þar sem fyrir koma valdir djassstandardar, frumsamin tónlist og uppáhaldslög í djassbúningi. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis. KEX Hostel er á Skúlagötu 28.


# Ársfundur 2019

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 26. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

**Dagskrá fundarins**
- Venjuleg ársfundarstörf
- Kynning á samþykktabreytingum
- Önnur mál

**Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum.**
**Fundargögn verða afhent á fundarstað.**

Reykjavík, 24. janúar 2019
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**

— live.is





VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## Hvar og hvenær sem þér hentar




Þú finnur uppáhaldsþættina þína úr sjónvarpi, útvarpi og af vef í nýju RÚV appi fyrir snjalltæki.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Borgarbyggð - Mosfellsbær**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV. Andraland**
**14.30 Úr Gullkistu RÚV. Íslenskur matur**
**14.55 Sætt og gott**
**15.00 Kiljan**
**15.40 Ferðastiklur Frá Rauðanesi í Vopnafjörð**
**16.25 Menningin - samantekt**
**16.55 Íslendingar Ási í Bæ**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargardýr** Hin stórskemmtilega og orkumikla Naomi ferðast um heiminn í leit að drungalegum hliðum náttúrunnar. Hún ætlar ekki að láta skrýtin, ógnvænleg eða hættuleg dýr valda sér martröð, hver sem þau eru.
**18.29 Hönnunarstirnin Designtalenterne II**
**18.46 Hjá dýralækninum**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós**
**20.20 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón. Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.35 Kínversk áramót - Mestu hátíðahöld heims** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem fylgst er með hátíðarhöldunum þegar nýju ári er fagnað í Kína.
**21.30 Trúður** Félagarnir Frank og Casper snúa aftur í sjöundu þáttaröð dönsku gamanþáttanna Trúður, eða Klovn. Frank er hrakfallabálkur fram í fingurgóma og tekst alltaf að koma sér og vinum sínum í vandræðalegar aðstæður. Aðalhlutverk. Frank Hvam, Casper Christensen, Mia Lyhne og Lene Nystrøm. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Bjargið mér** Bresk spennuþáttaröð frá höfundum þáttanna Skylduverk, eða Line of Duty. Þegar Nelly kemst að því að þrettán ára dóttir hans, sem hann hefur ekki hitt í fjölda ára, hefur horfið á dularfullan hátt einsetur hann sér að finna hana, sama hvað það kostar. Leitin leiðir í ljós ýmislegt sem hann vissi ekki, bæði um hann sjálfan og fólkið í kringum hann. Aðalhlutverk. Lennie James, Suranne Jones og Stephen Graham. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Þjóðargersemi** Bresk leikin þáttaröð í fjórum hlutum um þjóðþekktan og dáðan skemmtikraft sem er ákærður fyrir kynferðisofbeldi. Aðalhlutverk. Robbie Coltrane, Julie Walters og Andrea Riseborough. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Kastljós**
**00.15 Menningin**
**00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Highlights
**08.55** Genesis Open
**12.55** Golfing World
**13.45** Genesis Open
**17.45** PGA Highlights
**18.40** Golfing World
**19.30** Genesis Open

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Life in Pieces
**14.15** Charmed
**15.05** Ally McBeal (**12.23**) Lengd **00.55**
Ally McBeal er ungur lögfræðingur í leit að ást og hamingju í lífinu.
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Crazy Ex-Girlfriend
**20.30** Lifum lengur
**21.05** FBI
**21.55** The Gifted
**22.40** Salvation
**23.25** The Tonight Show

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV (243 af 400) Menningarheimurinn - Stundaglasið (2/6)**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Ör (9 af 16) Níundi lestur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** Home Again
**12.45** Moneyball
**15.00** A Quiet Passion
**17.05** Home Again
**18.45** Moneyball
**21.00** Dunkirk
**22.50** Lincoln
**01.20** Hardcore Henry
**03.00** Dunkirk

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Lína Langsokkur
**07.50** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Jamie's Super Food
**10.20** Suits
**11.05** Veep
**11.35** Í eldhúsinu hennar Evu
**12.00** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** So You Think You Can Dance
**14.25** So You Think You Can Dance
**15.50** Besti vinur mannsins
**16.15** The Bold Type
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.50** Catastrophe
**20.20** Hand i hand
**21.05** The Little Drummer Girl
**21.50** Blindspot
**22.35** Outlander
**23.30** Last Week Tonight with John Oliver
**00.00** Grey's Anatomy
**00.45** Suits
**01.30** Lovleg
**01.55** NCIS
**02.35** Mary Kills People
**03.20** Mary Kills People
**04.05** 3 af 6 Mary Kills People
**04.50** Slow West
**06.15** Friends

## STÖÐ 3

**19.05** Modern Family
**19.30** Silicon Valley
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute - What Happened Next
**21.40** Flash
**22.25** Game of Thrones
**23.30** Supernatural
**00.15** Man Seeking Woman
**00.35** All American
**01.20** Modern Family
**01.45** Silicon Valley
**02.15** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Football League Show
**08.05** Juventus - Frosinone
**09.45** Ítölsku mörkin
**10.15** Brighton - Derby
**11.55** Newport - Man. City
**13.35** Ensku bikarmörkin
**14.05** Víkingur - FH
**15.45** Roma - Bologna
**17.25** Chelsea - Manch.United
**19.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.30** Meistaradeildin - upphitun
**19.50** Liverpool - Bayern München Bein útsending
**22.00** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Lyon - Barcelona

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Real Sociedad - Leganes
**09.40** Eibar - Getafe
**11.20** Roma - Bologna
**13.00** Chelsea - Manchester United
**14.40** Barcelona - Real Valladolid
**16.20** Spænsku mörkin
**16.50** Atalanta - AC Milan
**18.30** Ítölsku mörkin
**19.00** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**19.50** Lyon - Barcelona Bein útsending
**22.00** Villarreal - Sevilla
**23.40** Liverpool - Bayern Munchen

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Svínahnakki
Svínakótilettur
Svínabógur
Svínalundir
Svínaskankar
- gott á grillið
ÍSLANDSSVÍN
kynna, í samstarfi við:
SÚPER
- þar sem kjöt snýst um fólk
ÞEGAR ÞÚ KAUPIR SVÍNAKJÖT FRÁ ÍSLANDSSVÍN ÞÁ STYÐUR ÞÚ ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ!
SÓSUDAGAR Í SÚPER
Ef þú kaupir tvo litra af friskandi Cocktail sósu færðu liter af pitusósu með. Sósa er góð með öllum mat!
Súper tilboð
Cocktail-GRÍS
Íslenskt svínakjöt marinerað í íslenskri Cocktail sósu. Tilvalið á grillið!
Beint frá býli
SPARISVÍN
kjöt af svínum alin á kryddjurtum og íslensku vatni.
Bylting í kjötvinnslu á Íslandi
Fiskur búinn til úr 100% íslensku svínakjöti
Ferskara verður það ekki! Fisk á hvers manns disk!
GOTTÍ FERÐALAGIÐ
Kjúklingastrumpar úr 100% íslensku svínakjöti!
Svínakjöt sem bragðast eins og kjúklingur. Ekki láta þetta góðgæti framhjá þér fara!
Í.S
NÚ ERU FJÖLSKYLDUDAGAR HJÁ ÍSLANDSSVÍN. BÖRNIN VELJA SAMAN GRÍS SEM SÉRFRÆÐINGAR ÍSLANDSSVÍNA HJÁLPA SVO PABBA AÐ SLÁTRA. MATGÆÐINGAR OKKAR LEIÐBEINA MÖMMU VIÐ MATREIÐSLUNA OG SVO BORÐAR FJÖLSKYLDAN SAMAN.
KETÓ-tilboð SÚPER
Kauptu 3 kíló af svínakjöti - Fáðu 3 kíló af LÚXUS hakki með
Vörumst allt innflutt
Veljum íslenskt
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við Þjóðleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Pottaplöntuæði runnið á landsmenn

Vinsældir pottaplanta hafa aukist jafnt og þétt hér á landi eftir að hafa kannski dottið aðeins út af vinsældalistanum um hríð. Uppbókað er á hvert pottaplöntunámskeiðið á fætur öðru hjá Blómavali en landann þyrstir í fróðleik um umpottun, uppröðun og vökvun.



Lára segir friðarliljuna njóta vinsælda enda sé hún lofthreinsandi.

Það eru garðyrkjufræðingarnir Lára Jónsdóttir og Vilmundur Hansen sem fræða þátttakendur á líflegan hátt eina kvöldstund; uppbókað er á næsta námskeið nú á fimmtudaginn en skráning hafin á aukanámskeið þann 7. mars næstkomandi.

Lára segir vinsældir pottaplantna hafa aukist jafnt og þétt síðustu tvö ár eftir að hafa dalað upp úr árinu 2000. „Með tilkomu Instagram, bloggsíðna, Youtube og þess háttar fær fólk aftur á móti hugmyndir og áhuga. Vel hirtar pottaplöntur eru mublur ef þeim er valinn réttur staður, rétt birta, og vökvun og það hefur verið virkilega gaman að sinna þessum áhuga.“ Fjölmargir hafa fengið það mikinn áhuga á plöntum að þeir hafa nánast fyllt heimili sínum af ýmiss konar plöntum en Lára segir mikilvægt að hver planta njóti sín. „En það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt þó þær lifi ekki endalaust.“

Aðspurð hvaða plöntur njóti mesta vinsælda þessa dagana telur Lára upp bæði kunnugleg og framandi nöfn fyrir leikmanninn. „Kaktusar og þykkblöðungar eru vinsælir, friðarlilja einnig en hún



Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur kennir landsmönnum allt það helsta um umhirðu pottaplantna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**MEÐ TILKOMU INSTAGRAM, BLOGGSÍÐNA, YOUTUBE OG ÞESS HÁTTAR FÆR FÓLK AFTUR Á MÓTI HUGMYNDIR OG ÁHUGA.**

er lofthreinsandi, rifblaðka hefur slegið í gegn sem og indjánafjöður sem er á lista NASA yfir plöntur sem hreinsa loftið. Drekatré eru svo til í mörgum gerðum og erum mjög duglegar plöntur. Einnig mætti nefna sómakólf og yukku svo dæmi séu tekin.“

En hvað ætli sé mikilvægast að hafa í huga? „Það þarf smá reglu í umhirðuna og það er mikilvægt að læra á muninn á sumri og vetri en það er vökvað minna yfir vetrartímann því þá er birtan minni. Samspilið milli lítillar birtu og hins mikla hita sem er í okkar húsum að vetrinum getur reynst plöntum dálítið erfitt,“ bendir Lára á.

bjork@frettabladid.is



Kaktusar og þykkblöðungar halda vinsældum sínum að sögn Láru.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 20. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

UEFA CHAMPIONS LEAGUE
16 LIÐA ÚRSLIT
19. FEBRÚAR, KL. 19:30
LIVERPOOL vs B. MÜNCHEN
LYON vs BARCELONA
20. FEBRÚAR, KL. 19:30
A. MADRID vs JUVENTUS
SCHALKE vs MAN. CITY

SPORT
Tryggðu þér áskrift
og vertu í **besta** sætinu!
**stod2.is** | **1817**
KAUPTU STAKAN LEIK: vodafone Síminn



# Eldhúsið færir hana nær heimaslóðunum

María Gomez heldur úti matarblogginu Paz.is en þar gefur hún lesendum m.a. uppskriftir úr eldhúsi ömmu Paz. María gefur lesendum Frettabladid.is girnilegar uppskriftir í hverri viku.

Pabbi er frá Andaluciu á Suður-Spáni, nánar tiltekið frá pínulitlu 400 manna þorpi sem heitir Lugros og er í Sierra Nevada, Snæfjöllunum, í Granada. Heimsókn þangað er ævintýri líkust og eins og að fara 50 ár aftur í tímann og inn í spænska bíómynd. Þar vaknar maður við bjölluhljóm í jarmandi geitum sem smalað er um göturnar eldsnemma á morgnana og nánast allur matur kemur frá ökrunum í kring eða frá bændum þorpsins.“

María ólst sjálf upp á Spáni til fimm ára aldurs, á Costa Brava ströndinni. „Pabbi og systkini hans höfðu öll flutt þangað frá Suður-Spáni á fullorðinsárum þar sem mikið var og er um atvinnuleysi á Suður-Spáni og meiri vinnu að hafa í Katalóníu. Þegar ég var krakki voru aldrei neinir Íslendingar á þessu svæði en á því hefur orðið mikil breyting, þar sem bæði er flogið til Barcelona og svo er Iron Man keppnin haldin árlega á svæðinu.“ María fluttist svo til Íslands ásamt móður sinni en hefur alla tíð haldið góðu sambandi við föðurfjölskyldu sína. „Ég hef nánast verið þar með annan fótinn frá 10 ára aldri og hef reynt að fara þangað eins oft og ég kemst. Frá því ég var 17 ára hef ég einungis farið til Lugros, litla fjallaþorpsins okkar, en ég er svo mikið hrifnari af því en Katalóníu. Þar á ég líka ótrúlega marga ættingja með eftirnafnið Gomez. Einnig bjó amma Paz þar, þar til hún dó árið 2000 og föðursystir mín Tita, sem þýðir frænka, Paz, býr þar enn og er hún mín mesta uppáhaldsfrænka enda er bloggið mitt nefnt eftir þeim eða Paz sem þýðir friður á spænsku.“


Synir Maríu á rölti um götur ömmu Paz.

## Dónaskapur að afþakka veitingar

María segist hafa fengið áhuga á eldamennsku þar sem hún sat dáleidd í eldhúsinu hjá ömmu og Titu Paz sem bjuggu alltaf saman. „Hjá þeim snerist allt um að elda og hvað ætti að vera í matinn. En það er mjög algengt hjá konum á Spáni. Spánverjar eru í eðli sínu mjög gestrisnir, þeir elska að bjóða fólki upp á að borða og ef manni er boðinn matur í heimsókn þykir dónaskapur að afþakka. Amma og Tita Paz kenndu mér klárlega mikið í eldhúsinu þá sérstaklega Tita Paz og hún er enn að kenna mér í gegnum símann.“

María segist elska spænskan mat og þá sérstaklega mat frá Andalúsíu enda matarmenning Spánar mismunandi eftir svæðum. „Maturinn í Andalúsíu er þessi týpíski Miðjarðarhafsmatur, mikið er um grænmeti, ávexti, kjöt, ólífur, osta, hnetur og fisk sem er svo toppað og stundum drekkt í ólífuolíu sem er oftast hellt út á salat, á brauðið eða beint á matinn.“ María eldar reglulega spænskan mat heima fyrir og segist þannig færast nær Spáni og um leið kenna börnum sínum um menningu landsins.

Hugmyndin að blogginu spratt upp úr því að María var að taka húsið sitt í gegn og langaði að deila sniðugum hugmyndum sem ekki væru of kostnaðarsamar og úr varð lífsstílsbloggið Paz.is. „Svo árið 2018 ákvað ég að breyta vefnum í eingöngu heimilis- og matarblogg og þá fyrst fannst mér ég byrja að blómstra í þessu verkefni enda veit ég ekkert skemmtilegra en að breyta og bæta á heimilinu og elda góðan mat.“


**María segist elda reglulega spænskan mat og um leið kenna börnum sínum um spænska menningu.**

## Uppáhaldsmatur Maríu?

„Ég get klárlega sagt að minn uppáhaldsmatur er spænskur en það er svo margt sem kemur til greina, pollo al ajillo og fritada de pollo eru held ég mínir uppáhalds spænsku réttir en þá má finna á blogginu mínu. **bjork@frettabladid.is**


**Fritada de pollo, spænsk kjúklingakássa, er uppáhaldsréttur Maríu.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O’Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


CHICKEN x PIZZA
CHIZZA
Tvær Zinger kjúklinga-
bringur, pizzasósa,
pepperóní og ostur
1.499 KR.
"it's finger lickin' good"
599 KR.
Bættu við
gosi, frönskum
og Risa Hrauni
KFC

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Hauks Arnar Birgissonar



# Jón eða séra Jóna

Kynbundinn launamunur reyndist hins vegar vera 4,3% þegar greining var gerð á öllu úrtakinu," segir í glænýju svari forsætisráðherra við fyrirspurn Þorsteins Víglundssonar þingmanns um stöðuna á kynbundnum launamun innan stjórnarráðsins, þ.e. á meðal starfsmanna ráðuneytanna. Oftar en ekki rata upplýsingar um svona gróft og ástæðulaust kynjamisrétti í fjölmiðla og er haldið á lofti með háværum kröfum verkalýðsforystunnar, femínista og stjórnmálamanna um tafarlausar úrbætur. Að þessu sinni kvað við annan tón.

Það voru engin mótmæli og enginn sá ástæðu til að senda frá sér ályktun eða tjá sig við fjölmiðla, a.m.k. ekki svo ég hafi orðið þess var. Ætli ástæða þess hafi verið sú að launamunurinn var starfskonum ráðuneytanna í hag? Þær voru nefnilega með hærri laun en karlarnir. Kannski felst minna óréttlæti í því.

Ég leyfi mér reyndar að efast um að nokkurt einasta fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag ákveði viljandi að greiða konu lægri laun heldur en karlmanni fyrir sömu vinnuna – nú eða öfugt. Enginn hefur slíkan ásetning og ég hef aldrei heyrt nokkra manneskju nafngreinda í því samhengi. Næg ættu samt dæmin að vera, miðað við umræðuna.

Á launamuninum eru nefnilega aðrar skýringar en kynferði en í vandaðri skýrslu velferðarráðuneytisins „Launamunur karla og kvenna", frá því í maí 2015, sögðu skýrsluhöfundar að þeir gætu „ekki með vissu ályktað að sá óskýrði launamunur sem hér hefur verið metinn sé eingöngu vegna kynferðis".

Hverju sem þessu líður þá treysti ég því að karlkyns starfsmönnum stjórnarráðsins verði sýndur skilningur þegar þeir ákveða að leggja niður störf í dag kl. 15:39 til að vekja athygli á þessu gargandi óréttlæti.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO

Allir í bátana!



SUBWAY

Stillanleg rúm í úrvali
Gerið gæða- og verðsamanburð
100% SVEFN - 100% HEILSA GÓÐ HVÍLD



**DELUXE**
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
**Verð aðeins kr. 74.900.-**
120x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
160x200 cm
**Verð aðeins kr. 119.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 134.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

**VALHÖLL**
5 svæðaskipt heilsudýna
Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
**Verð aðeins kr. 74.900.-**
120x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 114.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 134.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

**SAGA / FREYJA**
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:
80x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
140x200 cm
**Verð aðeins kr. 139.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 149.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 169.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

Mikið úrval af hvíldarstólum
Verð frá kr. 69.900.-



Roberto
Rafstillanlegur, leður nokkrir litir.
Verð kr. 179.900.-

Úrval af stillanlegum rúmum



TURIN stór og veglegur sófi með rafstillanlegum sætum og tungu
Litir: Svart, hvítt og grátt **Verð kr. 890.000.-**
Frábært fyrir stórfjölskylduna



**Sængur og heilsukoddar**
Mikið úrval





Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum